

# *Akranes*

*Fornleifaskrá*

*Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson*

**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS**

**FS066-97052**

**Reykjavík 1999**

## *Efnisyfirlit*

|   |    |
|---|----|
| <i>1. Kafli Inngangur</i> .....                                 | 3  |
| <i>2. Kafli Um fornleifaskráningu</i> .....                     | 4  |
| Lögbundin skilgreining á fornleifum .....                       | 5  |
| Um aðalskráningu fornleifa.....                                 | 7  |
| <i>3. Kafli Fyrri fornleifaathuganir á Akranesi</i> .....       | 9  |
| <i>4. Kafli Byggðasaga</i> .....                                | 11 |
| <i>5. Kafli. Fornleifaskrá</i> .....                            | 14 |
| <i>6. Kafli Fornleifar og byggð</i> .....                       | 55 |
| Bæjarhólar og bæjarstæði.....                                   | 55 |
| Útihús, tún og garðar .....                                     | 56 |
| Stekkir og kvíar .....  | 57 |
| Beitarhús og sel .....  | 57 |
| Mógrafir .....  | 57 |
| Kuml og kirkjugarðar .....                                      | 57 |
| Leiðir .....  | 57 |
| Verminjar .....   | 58 |
| <i>7. Kafli. Tillögur: Verndun, kynning og rannsóknir</i> ..... | 58 |
| <i>Niðurlag</i> .....   | 61 |
| <i>Heimildir</i> .....  | 63 |
| Óprentaðar heimildir: .....                                     | 63 |
| Prentaðar heimildir:.....                                       | 63 |

## 1. Kafli Inngangur

Sumarið 1997 hófst skráning fornleifa á Akranesi. Upphaf þessa verkefnis má rekja til svæðisskipulagsvinnu er unnin var í sveitarfélögum sunnan Skarðsheiðar á árunum 1989-1994. Í tilefni af henni var gerð minniháttar athugun á fornleifum á svæðinu. Jafnframt samþykkti samvinnunefnd sveitarfélaga um svæðisskipulag að hefja hið fyrsta skráningu fornleifa. Fornleifastofnun kynnti viðkomandi sveitarfélögum tillögur að tilhögun skráningar á svæðinu vorið 1996. Á fundi bæjarráðs Akraneskaupstaðar og fulltrúa Fornleifastofnunar í júlí 1996 var ákveðið að hefja undirbúning að skráningu minja í kaupstaðarlandinu. Skráningin var unnin í tveimur áföngum, 1997 og 1998-1999 og er afrakstur hennar birtur í þessari skýrslu.

Verkið hófst á því að safnað var rituðum heimildum um minjastaði í kaupstaðnum öllum og voru þannig skráðar upplýsingar um 299 staði. Á grundvelli heimildavinnunnar var vettvangsvinna unninn í júní 1997, júlí og október 1998 og í mars 1999.

Efnisskipan í þessari skýrslu er sú sama og í öðrum skýrslum um aðalskráningu fornleifa<sup>1</sup>. Hér er að finna yfirlit yfir löggjöf, aðferðir og hagnýtingu fornleifaskráningar (kafli 2). eru þessar samantektir jafnan birtar með fornleifaskráningu í því skyni að sveitarstjórnir og stofnanir þeirra geti betur nýtt sér efni skráningarinnar og haft til hliðsjónar við aðrar framkvæmdir, s.s. skipulagsmál, minjavernd og ferðaþjónustu. Þá er greint frá fyrri fornleifarannsóknnum á Akranesi (3 kafli) og rakin saga byggðar (4 kafli). Í 5. kafla er birt skrá yfir allar þekktar fornleifar. Í 6. kafla er fjallað um mismunandi tegundir minja á svæðinu og í 7. kafla eru dregin saman meginatriði um verndun og kynningu minja á skráningarsvæðinu.

Fornleifaskráning í landi Akraneskaupstaðar er kostuð af bæjarsjóði en verkið unnið af Fornleifastofnun Íslands í samvinnu við Byggðasafnið í Görðum. Við skráninguna var beitt aðferðum sem þróaðar hafa verið á vegum Fornleifastofnunar frá árinu 1989 að telja. Heimildakönnun var unnin af Sædís Gunnarsdóttur en vettvangsathuganir gerðu Adolf Friðriksson, Orri Vésteinsson og Ragnar Edvardsson. Elín Ósk Hreiðarsdóttir vann við frágang skýrslu. Vilja höfundar koma á framfæri þökkum til heimildamanna, starfsfólks Akraneskaupstaðar, Almennu verkfræðistofunnar og loks sérstaklega Jóns Allanssonar forstöðumanns Byggðasafnsins í Görðum fyrir margvíslega aðstoð.

---

<sup>1</sup>Sbr. t.d Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I – FSÍ & Minjasafnið á Akureyri, 1994-*.

## 2. Kafli Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á skrá Fornleifastofnunar eru nú um 30.000 minjastaðir, en talið er að það sé um 20% allra minjastaða á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sérilagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrir en um og eftir 1980<sup>2</sup>.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við hana er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathugunir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu. Svæðisskráning er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, aðalskráning fyrir aðalskipulagsgerð og deiliskráning fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í

---

Um sögu fornleifaskráningar, sjá: Adolf Friðriksson and Orri Vésteinsson (1998). "Fornleifaskráning - Brot úr íslenskri vísindasögu." *Archaeologia Islandica* I: 14-44.

vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í þjóðminjalögum þar sem segir í 18. gr. að skylt sé “að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess... “. Samkvæmt lögnum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samvinnu við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu. Hefur raunin orðið sú á undanförunum árum að kostnaður af fornleifaskráningu er borinn af sveitarfélögum, enda eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar í þeirra umdæmi.

Fornleifar eru menningarverðmæti og nýtanlegar auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skráum um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsingar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og með hliðsjón af þörfum þeirra.

### *Lögbundin skilgreining á fornleifum*

Í næsta kafla er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki aðalskráningu fornleifa.

Hér verður greint frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu.

Í 16. grein þjóðminjalaga eru þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsleifar hvers kyns,

svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast horfinni menningu og gömlum atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eykatmörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll Grettistök skráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verlag eða tækni. Þar með geta talist elstu

steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlits um þær fyrr en á stigi aðalskráningar. Helst er að upplýsingar um gamlar sundlaugar komi fram við svæðisskráningu.

### *Um aðalskráningu fornleifa*

Heppilegt er að heil héruð, sýslur eða landshlutar sameinist um að láta gera svæðisskráningu en það er ódýrasta leiðin til að fá yfirlit um menningarminjar og afla þeirra heimilda sem nauðsynlegar eru við aðalskráningu eða vettvangsvinnu. Þar sem svæðisskráning hefur ekki verið gerð, en einstök sveitarfélög vilja ráðast í að láta skrá fornleifar innan takmarka sinna, er hinsvegar ekki gerð sérstök svæðisskráning sem skilar sjálfstæðum niðurstöðum. Þá er heimildum aflað á sama hátt og lýst er hér að ofan, en síðan er farið á vettvang, viðtöl tekin við bændur og minjastaðir skoðaðir og staðsettir á korti. Á grunni þeirra upplýsinga er síðan rituð skýrsla þar sem gerð er nákvæm grein fyrir sögu mannvistar og búskapar á viðkomandi svæði, lýst einkennum menningarminja og gerðar ákveðnar tillögur um verndun og kynningu. Markmið aðalskráningar eru þau sömu og svæðisskráningar en niðurstöðu verða mun markvissari á grunni fleiri og nákvæmari gagna.

Aðalskráningu má skipta í 5 stig og verður þeim lýst stuttlega hér:

1 a. Á svæðum þar sem svæðisskráning hefur verið gerð er hægt að ráðast beint í vettvangsvinnu á stigi aðalskráningar. Þó eru á þessu stigi athugaðar sérstaklega heimildir sem tengjast skráningarsvæðinu sérstaklega. Er þar t.a.m. um að ræða ævisögur fólks sem alist hefur upp á bæjum í sveitinni, en þær geyma oft nákvæmar upplýsingar um bæjarhús og tóftir sem nú eru löngu horfnar undir tún, vegi eða byggingar.

1 b. Á svæðum þar sem svæðisskráning fornleifa hefur ekki farið fram, hefst aðalskráningarvinnan á heimildaöflun eins og fyrir svæðisskráningu, að viðbættum heimildum sem tengjast skráningarsvæðinu sérstaklega.

2. Að heimildaöflun lokinni eru tekin viðtöl við bændur eða aðra staðkunnuga. Markmið með viðtölum er að endurskoða þær upplýsingar sem þegar hefur verið safnað, fá upplýsingar um nýja

staði og síðan leiðsögn um viðkomandi landareign.

3. Á grunni heimilda og viðtala er síðan gengið á þá minjastaði sem upplýsingar hafa fengist um, en jafnframt eru athuguð svæði þar sem líklegt getur talist, út frá gróðurfari og öðrum aðstæðum, að fornleifar leynist. Á velflestum minjastöðum eru tóftir eða aðrar mannvirkjaleifar ekki sýnilegar og þar er ekki annað gert en að komast sem næst staðsetningu minjanna og færa hana á kort en það er gert með því að finna hnattstöðu (hnit) staðarins með GPS staðsetningartæki. Þar sem fornleifar eru huldar sjónum er lögð áhersla á að komast að því fyrir hverskonar hnjaski þær geta hafa orðið, hvernig aðstæður voru áður á viðkomandi stað og reynt eftir föngum að meta hvort staðurinn sé enn í hættu.

Þar sem tóftir eða mannvirkjaleifar eru sýnilegar er þeim lýst á staðlaðan hátt og gerður af þeim uppdráttur, auk þess sem þær eru færðar á kort og fundin hnattstaða þeirra. Áhersla er lögð á að fá skýra mynd af umfangi, lögun og ástandi minjanna en að öðru leyti er ekki um að ræða nákvæma rannsókn á hverjum stað. Einnig er aðstæðum lýst og reynt að meta hvort minjastaðurinn sé í hættu og þá af hvaða völdum. Þar sem því verður við komið eru teknar ljósmyndir af tóftum.

4. Að vettvangsvinnu lokinni er flogið yfir skráningarsvæðið og teknar loftmyndir af þeim stöðum sem skráðir hafa verið, og þá fyrst og fremst þeim stöðum þar sem minjar eru sýnilegar. Könnun úr lofti gefur einnig færi á að leita eftir rústum á svæðum sem ekki var hægt, eða ekki þótti ástæða til, að ganga yfir.

5. Samantekt gagna og skýrslugerð felst í nokkrum afmörkuðum verkefnum:

- upplýsingar eru settar jafnóðum inn á gagnagrunn en þar verða þær í stöðugtri endurskoðun og ávallt aðgengilegar í framtíðinni. Gagnagrunnur Fornleifastofnunar er þegar orðið öflugt rannsóknargagn með yfir 15000 minjastöðum en sveitarstjórnir og aðrir aðilar sem borga fyrir fornleifaskráningu munu hafa fullan aðgang að þessu safni. Á næstu þremur árum er og stefnt að því að gagnagrunnur stofnunarinnar verði aðgengilegur öllum á alnetinu.

- prentuð er út skrá um minjastaði á viðkomandi skráningarsvæði, með kortum sem sýna staðsetningu fornleifanna og teiknum af einstökum tóftum. Skrá þessi er uppistaðan í skýrslu um skráninguna.

- Niðurstöður skráningarinnar eru bornar saman við ritaðar heimildir um sögu byggðar á skráningarsvæðinu og er á þeim grunni ritað stutt yfirlit um einkenni og þróun byggðar á svæðinu.

- Ritað er yfirlit um einkenni fornleifa á skráningarsvæðinu. Er þar reynt að draga



fram menningarsöguleg sérkenni viðkomandi landsvæðis eða aðrar aðstæður sem sérstakar eru og áhrif hafa á varðveislu, rannsóknar- og kynningargildi minjanna.

- Gerðar eru tillögur um friðlýsingar ákveðinna minjastaða og gerðar grófar áætlanir um hvernig standa megi að kynningu slíkra staða eða heilla svæða.

Yfirleitt eru skýrslur um aðalskráningu gefnar út fjölritaðar í litlum upplögum en áhersla er lögð á að þær ná inn á öll heimili á þeim jörðum sem skráðar hafa verið. Þá gefst búendum kostur á að koma með athugasemdir og leiðréttingar.

Verkþætti aðalskráningar telst lokið þegar skýrsla hefur komið út. Hinsvegar er algengt og að mörgu leyti æskilegt að skráning í t.d. einu sveitarfélagi sé unnin á nokkrum árum. Það bæði dreifir kostnaði og gefur færi á leiðréttingum og endurskoðun milli ára.

Til að sem mestur árangur náist af fornleifaskráningu er nauðsynlegt að henni sé fylgt eftir með ýmsum aðgerðum:

- Gera verður upplýsingar um staðsetningu minjastaða aðgengilegar í ákvarðanatökufæri viðkomandi sveitarfélags. Þetta er sérstaklega mikilvægt í stærri sveitarfélögum í þéttbýli en þar eru oft lítil bein samskipti milli menningarmála- eða umhverfisnefnda, sem fornleifaskráning heyrir oftast undir, og bygginga- og skipulagsnefnda, sem eru þeir aðilar sem þurfa að taka tillit til fornleifa.

- Ganga verður á eftir að tillögur um friðlýsingu og kynningu minja verði settar í framkvæmd, eða a.m.k. að menningarminjar verði teknar með í skipulag ferðaþjónustu, útivistar og menntunar.

- Æskilegt er að stefnt sé að því að einstök héruð sameinist um að gefa út fornleifaskrá um viðkomandi landsvæði á bók. Það er eina leiðin til að koma litljósmyndum á framfæri við almenning og einnig tækifæri til að rita sögu þjóðhátta og byggðapróunar í viðkomandi héraði.

### *3. Kafla Fyrri fornleifaathuganir á Akranesi*

Skipulögð fornleifakönnun á Íslandi hófst á öndverðri 19. öld. Skipuð var nefnd til varðveislu fornleifa í Danaveldi árið 1807 og hratt hún af stað fyrstu fornleifaskráningunni á Íslandi. Á árunum 1817-23 stóð nefndin fyrir skráningu fornleifa á Íslandi og voru spurningalistar sendir öllum sóknarprestum í landinu og þeir beðnir að gera grein fyrir

fornminjum hver í sínu prestakalli. Nefndinni bárust upplýsingar um rúmlega 700 minjastaði víðsvegar um landið. Hallgrímur Jónsson (1758-1825) sóknarprestur í Görðum á Akranesi sagði svo um minjar í sinni sókn: “J mér nadugast tiltrúudum Garda og Innraholms Soknum, veit eg eckert, eda hefe var vid orded, framann og ofann áhrædu Efni vidvikiande”<sup>3</sup>.

Í spurningalista þeim sem Hið íslenska bókmenntafélag sendi sóknarprestum 1838 til að afla upplýsinga fyrir Íslandslýsingu þá sem félagið hafði í hyggju að gefa út, voru tvær spurningar helgaðar fornleifum. Enn var fátt um svör og töldu flestir prestanna að engar fornleifar væri að finna í prestaköllum sínum.<sup>4</sup>

Fyrsta eiginlega fornleifakönnunin sem gerð var í Borgarfirði var rannsóknarferð Kristians Kálunds á árunum 1872-74. Kálund reið um landið með Íslendingasögur í hnakktöskunni og kannaði staði og leiðir sem lýst er í sögunni. Hann kom ekki á alla þá staði sem hann fjallar um en studdist þá við frásagnir staðkunnugra. Ekki getur hann neinna minjastaða á Akranesi<sup>5</sup>.

Hið íslenska fornleifafélag var stofnað 1879 og hófst það strax handa við að láta kanna fornleifar í sveitum landsins. Fóru rannsóknarmenn á vegum félagsins í nokkra leiðangra um Borgarfjörð, en engar rannsóknir voru gerðar í landi Akraneskaupstaðar.

Með nýjum fornleifalögum 1907, lögðust rannsóknarferðir Fornleifafélagsins niður, en Þjóðminjavörður tók við því hlutverki og hefur síðan annast fornleifavernd og rannsóknir. Hefur Þjóðminjasafnið aldrei staðið fyrir rannsóknum eða skráningu á fornleifum á Akranesi. Um 1930 hófst friðun fornleifa með friðlýsingu. Á landinu öllu eru nú um 700 staðir á skrá yfir friðlýstar fornleifar, en engar minjar hafa verið friðlýstar í landi Akraneskaupstaðar. Árið 1991 gerði Adolf Friðriksson lítilsháttar fornleifakönnun í tilefni af svæðisskipulagsvinnu í sveitarfélögum sunnan Skarðsheiðar á árunum 1989-1994<sup>6</sup>. Var sú athugun einkum bundin við að kanna áhrif fyrirliggjandi skipulagstillagna og draga saman yfirlit yfir helstu minjastaði. Ein af niðurstöðum svæðisskipulagsvinnunnar var að gera þyrfti heildarskráningu fornleifa á svæðinu.

<sup>3</sup>FF, bls. 268-269.

<sup>4</sup>Hluti af sýslu- og sóknalýsingum Bókmenntafélagsins hefur verið gefinn út á undanförmum áratugum, en Borgarfjarðarsýsla bíður enn útgáfu.

<sup>5</sup>P. E. Kristian Kálund, *Íslenskir sögustaðir I*, Reykjavík, Örn og Örlygur, 1984, bls. 219.

<sup>6</sup>Sjá: Adolf Friðriksson, "Skýrsla um fornleifar sunnan Skarðsheiðar", Guðrún Jónsdóttir (ritstj.), *Svæðisskipulag sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992-2012. Fylgiskjöl með greinargerð*, án útgst., Samvinnunefnd um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar og Skipulag ríkisins, 1994.

Af þessu stutta ágrípi af sögu fornleifransókna má sjá að mjög lítið hefur verið gert af minjarannsóknum á Akranesi og staða þekkingar er augljós: um fjölda minja, ástand þeirra og gerð var ekkert vitað um fornleifaskráning hófst 1997. Henni er nú lokið og eru árangurinn birtur í 5. kafla kafla. Áður en greint verður frá honum verður hér rakin byggðasaga svæðisins í ágrípi.

#### 4. Kafla Byggðasaga

Allt það land sem nú heyrir undir Akraneskaupstað – fyrir utan litla ræmu úr landi Kross að austan – hefur upphaflega tilheyrt landi Garða. Í Landnámabók er sagt frá landnámi bræðranna Þormóðs og Ketils Bresasona á Akranesi og féll nyrðri hlutinn, frá Reyni til Urriðaár, í hlut Ketils. Ekki er sagt frá því hvar Ketill bjó en um Jörund son hans er sagt að hann hafi búið í Jörundarholti “þat er nú kallað í Görðum.” Helst er að skilja þessi orð þannig að Jörundarholt eigi að hafa verið eldra nafn á bænum en einnig eru uppi hugmyndir um að Jörundarholt hafi verið sérstakt örnefni og hefur verið bent á lág holt bæði austan og vestan við Garða (sbr. Bo-056:027) sem mögulega staði. Á hvorugum staðnum er vitað um mannvistarleifar en vel má vera að til hafi verið sérstakt bæjarstæði, sem þá er annaðhvort eldra en Garðar eða að búið hefur verið á báðum stöðunum um hríð.

Garðar voru höfuðból á 12. öld og ættarsetur Garðamanna, höfðingja sem höfðu mannaforráð um sunnanverðan Borgarfjörð og voru löngum bandamenn Sturlunga. Vel er hugsanlegt að landnámuhöfundar hafi talið að Garðar hlytu að hafa verið landnámsbærinn á þessu svæði af því að þar var höfuðból á þeirra eigin tímum og því er ekki hægt að útiloka að önnur bæjarstæði gætu verið eldri. Hitt er eins líklegt að landnámuhöfundar hafi haft aðgang að áreiðanlegum arfsögnum um þetta atriði eða að ágiskun þeirra hafi einfaldlega verið rétt.

Þó að Garðar séu ekki landmikil jörð þá er hún með stærstu jörðum á Akranesi og hinir auðugu og valdamiklu eigendur hennar á 12. og 13. öld hafa tryggt aðgang að nauðsynlegum landgæðum annarsstaðar. Í elsta máldaga Garðakirkju, frá 13. öld, kemur fram að kirkjan átti hálfu jörðina og tilheyrðu kirkjuhlutanum tvær selstöður. Önnur var á Mårstöðum í Svínadal en hin upp með Leirá á móti Biskupsbrekku. Þá átti kirkjuhlutinn

nautaafrétt í Skorradal og sauðaafrétt á Gagnheiði (DI I, 417-18). Vel er hugsanlegt að önnur ítök hafi tilheyrt bændahluta jarðarinnar, t.d. slægjuítak það sem getið er í jarðabók Árna og Páls sem tilheyrði Görðum á sjávarbakka milli Ytra Hólms og Kjaransstaða (JÁM IV, 83).

Í máldaga Garðakirkju frá 13. öld er sérstaklega tekið fram að Skagi fylgi ekki Garðalandi (DI I, 418) og er einlægast að skilja það þannig að Skagi hafi upphaflega tilheyrt Garðalandi en hafi á 13. öld verið orðin sérstök jörð. Sennilegast er þó að Skagi og Garðar hafi þá enn verið í eign sama manns eða a.m.k. sömu fjölskyldu og því hafi þótt vissara að taka fram að sá helmingur jarðarinnar sem gefinn var kirkjunni væri Garðaland fyrir utan Skaga. Í fyrrnefndum máldaga er getið um rekaeign kirkjunnar. Hún átti reka fyrir landi Óss í Skilmannahreppi og fyrir löndum Innstavogs, Miðvogs og Elínarhöfða. Þrjár síðasttöldu jarðirnar eru allar mjög landlitlar og eiga aðeins spölkorn inn í landið en Garðar eiga allt fyrir ofan þær. Greinilegt er að þessum jörðum hefur verið skipt úr landi Garða og hefur sú skipting átt sér stað áður en máldaginn frá 13. öld var gerður. Þegar jörðunum var skipt frá hefur eigandi Garða haldið eftir réttindum til alls nema smáreka – og var slíkt alvanalegt á miðöldum. Jarðirnar sem skipt var úr landi Garða hafa upphaflega verið tvær, Höfði og Vogur, síðar Elínarhöfði og Innstivogur, en Miðvogi var skipt frá Innstavogi um miðja 17. öld (JÁM IV, 109). Sennilegt er að Höfða og Voggi hafi verið skipt snemma úr landi Garða, mögulega þegar á landnámsöld, en líklegra er að Skagi hafi fylgt heimalandinu lengur. Til þess liggja helst þau rök að aðstaða til útgerðar hefur frá fyrstu tíð verið miklu betri á Skaga en öðrum stöðum á Akranesi og er ólíklegt að höfðingjarnir í Görðum hefðu selt eða gefið jafn gott land undan sér. Rekaeign Garðakirkju fyrir landi Óss gæti einnig bent til að sú jörð hafi upphaflega verið hluti af landi Garða, en hún á þó land til fjalls, öfugt við Höfða og Vog – og raunar Garða sjálfa – og er auk þess í öðrum hreppi en ætla má að hreppamörk fylgi oftast gömlum búgarðamörkum þó ekki sé það einhlítt eða ótvírætt.

Fyrir utan máldaga Garðakirkju, sem er til í nokkrum afritum með viðbótum og innskotum frá 14., 15. og 16. öld, eru nær engar heimildir um byggð eða eignarhald á jörðunum Görðum, Voggi, Höfða eða Skaga frá miðöldum. Til er þó sölubréf fyrir Höfða frá 1473 þar sem Halldór Þorgeirsson seldi Helgu Gilsdóttur jörðina en ekki kemur fram hvert verðið var (DI V, 698-99). Þrátt fyrir heimildaskort er ekki að efa að byggð hefur verið stöðug og sennilega þétt á Skaganum og í kringum Garða allan þennan tíma. Í

fornsögum er á nokkrum stöðum getið um mjölverslun á Akranesi: í Fóstbræðrasögu segir frá því að Jöður bóndi í Skálabrekku fór út til Akraness til mjölkaupa. Árið 1236 er Sturla Sighvatsson hafði tekið undir sig Reykholt er sagt frá aðdráttum hans: “Var flutt úr Engey bæði mjöl og skreið, en sumt keypt á Akranesi.” (Sturl, 383). Á seinni hluta 13. aldar var heimamaður Vigfúsar Gunnsteinssonar á Sauðafelli í Dölum sendur suður á Akranes eftir mjöllum sem Vigfús átti (Bsk I, 608). Vel er hugsanlegt að Akranes hafi – eins og nafnið bendir til – verið helsta akuryrkjuhérað landsins og að þar hafi fram á seinni hluta miðalda mátt kaupa mjöl. Hitt gæti einnig hugsast að auk hins heimaræktaða korns hafi verið verslun á Akranesi með innflutt korn. Fyrir utan kornræktina hefur sennilega alltaf verið mikil útgerð frá Skaganum. Fyrir utan möguleg skreiðarkaup Sturlu Sighvatssonar á Akranesi á 13. öld er elsta beina heimildin um umfangsmikla útgerð þar frá 1428 en það ár braut 18 skip á Akranesi (Lögmannsannáll, IA, 294).

Ögmundur Pálsson biskup í Skálholti (d. 1539) mun hafa átt Skaga, því á 17. öld var til “Gjafabréf biskups Ögmundar, er hann gaf Skaga.” (Bréfabók Brynjólfs Sveinssonar). 17. júlí 1570 gaf Þórólfur Eyjólfsson Þorvarði syni sínum Skaga, 50 hundruð að dýrleika, til kaups við Vilborgu Gísladóttur biskups Jónssonar (DI XV, 422-23). Þórólfur þessi var sonur Ásdísar, systur Ögmundar biskups, og er sennilegt að biskup hafi gefið systur sinni jörðina og sonur hennar erfð hana síðan. Skagi var á 17. öld og síðar talin 60 hundruða jörð og má vera að þegar um 1570 hafi hún verið byrjuð að skiptast upp og að þá hafi 10 hundruð verið komin í hendur annara. Ólafur B. Björnsson hefur stungið upp á því að það hafi verið Breið sem var fyrsta afbýlið sem skiptist burt, en Miðteigur kæmi einnig til greina eða að það hafi ekki verið neitt ákveðið býli heldur aðeins hlutfall af jörðinni. Um miðja 17. öld hafði Skagi skipst upp enn frekar og átti Skálholtsstóll þá hálfja jörðina, en Brynjólfur Sveinsson biskup hafði þar mikil umsvif í útgerð á tímabili. Umboðsmaður hans var Magnús sonur Þorvarðs áður nefnds en afkomendur hans áttu lengi vel hluta í Skaganum. Þó að jörðin Skagi hafi skipst upp í nokkra hluta á 17. öld þarf það ekki að þýða að þar hafi orðið aukning á byggð. Vel er hugsanlegt að auk Skaga (Heimaskaga) hafi lengi verið afbýli á stöðum eins og Breið, Lambhúsum, Teigum, Sýrupörtum og Bræðraparti, og að sami eigandi hafi verið að þeim öllum fram á 17. öld. Skipting jarðarinnar virðist þó standa í sambandi við aukin umsvif á Skaganum og má vera að flest afbýlanna hafi ekki verið gömul þegar skjalaheimildir koma til sögunnar um miðja 17. öld. Vitað er að Ívarshús var nýbýli stofnað af Brynjólfi biskupi laust fyrir 1650 þar sem áður

hafði verið stekkur frá Heimaskaga. Á jarðabók Árna og Páls sést einnig að mikil aukning hafði verið í tómtúsa og verbúðabyggð á Skaganum á seinni hluta 17. aldar. Af 22 tómtúsum sem talin eru í jarðabókinni 1706 sem sérstakar byggingar eru 16 sögð vera nýleg og flest þeirra talin byggð eftir 1680. Af 23 verbúðum eru 10 sagðar nýlegar. Að vísu voru einnig tómtús og verbúðir sem greinilega voru mjög gamlar og grónar og 4 tómtús voru farin í eyði og 4 verbúðir. Að einhverju leyti virðast nýbyggingarnar því vera endurnýjanir á nýjum hússtæðum. Svo virðist sem hússtæði yst á Skaganum hafi verið á fallanda fæti og má vera að þar hafi verið um að kenna landbroti en hlutfallslega mest af hinum nýju húsum var ofan við Heimaskaga. Frá því um miðja 17. öld og fram yfir miðja þá 19. voru yfirleitt 7-9 eigendur að Skipaskaga og voru eignarhlutarnir tengdir ákveðnum býlum. Um 1680 voru býlin þessi: Ívarshús, Miðteigur/Teigaskarð, Heimaskagi, Breið, Sandgerði og Lambhús. Í byrjun 17. aldar höfðu Efri og Neðri Sýrupartur og Bræðrapartur bæst við milli Heimaskaga og Breiðar og Sandgerði skipst í tvö býli: Sandgerði/Neðravíti og Tobbabæ/Tjarnarkot/Efravíti. Auk þeirra voru á svipuðum slóðum nokkrar verbúðir en öll þessi hússtæði voru yfirgefin á 18. öld, mögulega vegna landbrots. 1703 var Háteigur/Teigakot einnig orðið til, sennilega skipt úr landi Miðteigs. Fyrir utan Sandgerðin sem fóru í eyði á 18. öld virðist hafa verið nokkur festa í byggðinni á Skaganum fram undir miðja 19. öld. Þar voru um 8 býli og rúmlega 20 tómtús og annað eins af verbúðum sem búið var í um vertíðir. Það er ekki fyrr en um 1840 að farið var að stofna ný býli í landi Skagans. Þá voru stofnuð býlin Geirmundsbær, Nýlenda og Melshús, Grund, Bakki og Nýibær og Brekkubær handan merkjanna í landi Garða. Eftir þetta smáfjölgaði býlum á Skaganum og síðustu 20 ár 19. aldar var mikill vöxtur í byggðinni þannig að um 1900 voru þar komin um 90 býli ef með eru talin þau sem stóðu yst í landi Garða. Þegar þar var komið sögu hafði Akranes breyst úr útgerðarjörð með verstöð í kaupstað þar sem stór hluti bæjarbúa vann launavinnu og stundaði ekki annan landbúnað en garðrækt þó lengi eimdi raunar eftir af húsdýrahaldi í bænum.

## 5. Kafla. Fornleifaskrá

Aðalskráningu fornleifa í landi Akraneskaupstaðar er lokið og í þessum kafla er birt skrá yfir minjar svæðisins. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún

kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákveða á hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Bo-194:001). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhaldi hennar og matsverði, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og fjallað um sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða er þar enn að finna.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hvers kyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður, nátttröll eða hellir sem hefur t.d. verið notaður sem skjól fyrir fé eða til að geyma í hey). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um "heimild um..." t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu, og 3) mikil hættu. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Á Akranesi voru skráðir 299 staðir, þar af 130 í landi Garða og þeirra jarða sem úr þeim byggðust, en 167 í landi hins forna Heimaskaga og 2 staðir í Akrafjalli. Nú eru mannvirkjaleifar sjáanlegar á 34 stöðum, en á 250 stöðum sjást leifar þar ekki lengur. Meðal þeirra eru fornleifar sem hafa verið eyðilagðar eða horfið í tímans rás af ýmsum orsökum. Sjaldan er unnt að ákvarða hvort minjastaður hefur verið algjörlega eyðilagður. Margar þessara minja kunna enn að leynast undir sverði eða nýbyggingum og gætu komið í ljós við framkvæmdir síðar. 5 fornleifar eru ekki mannvirki heldur þjóðsögustaðir og 10 staðir eru náttúruminjar eða þjóðháttastaðir.

Á þeim stöðum þar sem mannvirkjaleifar sjást enn eru 23 nokkuð greinilegar, þ.e. hleðslur standa enn eða eru vel merkjanlegar, en 2 eru fremur ógreinilegar.

Hættumat er aðeins gert þar sem mannvirki eru eða hafa verið og vitað er með nokkurri vissu hvað verið hafa. eru það alls 99 staðir af 298. 2 staðir töldust ekki vera í neinni hættu, 89 í hættu og 8 í mikilli hættu. Langflestir staðir teljast í hættu vegna ábúðar og rasks, þ.e. þeir eru á svæðum þar sem atvinnustarfsemi á sér stað. Þeir staðir sem eru í mestu uppnámi eru bæjarhóllinn og kirkjuleifar í Görðum, vegna líkagraftar. Bæjarhólarnir í Presthúsum og Innstavogi eru í yfirvofandi hættu vegna landbrots, sömuleiðis útihús í Innstavogi, Miðvogi og Presthúsum og Úlfusel er í verulegri hættu vegna rofs.

Í fornleifaskránni hér að neðan er getið um þær minjar sem heimildir eru til um jafnt um þá staði sem varðveist hafa til þessa dags. Í skránni eru 16 staðir með tóftum af ýmsum stærðum og gerðum, 16 bæjarstæði, og 6 garðlög, en á 8 eru örnefni eina vísbendingin um gömul mannvirki og fyrir 244 stöðum eru eingöngu munnlegar heimildir eða ritaðar. Í 6. kafla er fjallað nánar um einstaka minjaflokka.

Nú hefur fornleifaskrá:

## **Bo-056 Garðar**

Jarðardýrleiki óviss 1706. Kirkjustaður og Beneficium. c. 1180: "... lagði þokka á [Snælaugu Högnadóttur úr Bæ] Þórðr prest, sonr Böðvars í Görðum á Akranesi; ... fóru þeir feðgar í Bæ ok báðu Högna gifta Þórði konuna; varð því keypt ..." Bsk I, 284. 1202: "Þá bjó Þórður móðurbróðir [Snorra Sturlusonar] í Görðum og átti þingmenn upp um Akranes og marga upp um hérað." Sturl, 210. apríl 1237: "Sturla fór eftir fundinn [Bæjarbardaga] út á Garða og var rænt þar mörgu. Nær þrem tígum yxna voru þaðan rekin en hundrað geldinga lét hann reka um haustið til Sauðafells. Tekin var og úr Görðum skemma góð og færð út í Geirshólm." Sturl, 392-93. 1847 leigist jörðin á 20 hndr. Hjáleigur: Suðurhjáleiga, Norðurhjáleiga, Jaðar og Presthús. Einnig var byggð á Sólmundarhöfða í eitt ár um aldamótin 1700, en annars er það stekkjastæði bæjarins, og byggðist síðan aftur 1872. Einnig var bærinn Garðasel byggður upp úr selstöðu bæjarins í lok 18. aldar og hélst í byggð til 1914. Garðar í eyði síðan 1932. Nýbýli úr jörðinni eru Klapparholt, í byggð 1957-1986, og Steinsstaðir í byggð frá 1953.



1920: 11023 m<sup>2</sup>, garðar 1368 m<sup>2</sup>, 1/4 þýft. "Garðar áttu land um Akranes þvert á kafla, og voru Presthús að norðan. Land þetta var að mestu blautur flói, með klapparholtum og ásum með norðaustur-/suðvesturstefnu." BB II, 395.

**Bo-056:001** *Garðar* bæjarhóll bústaður 64°19.198 N 22°02.646 V  
"Stendur þar enn íbúðarhús síðasta prestsins, sem sat í Görðum, byggt úr steiptum steinum á árunum 1876-1882". Síðasti bærinn í Görðum mun hafa staðið austan við steinhúsið og þar er hóllinn hæstur. Á bæjarhólnum stendur steinhús frá 1882 og eftir honum liggur malarvegur. Grafið hefur verið frá byggðasafninu í hólinn að NV og að A og SA hefur kirkjugarðurinn verið færður út upp á hólinn og hafa allmargar grafir verið teknar í hann.  
Bæjarstæðið er á lágum og ávölum hólrana sem liggur A-V og er bæjarhóllinn sjálfur u.þ.b. 60x40 m eftir því sem greina má við núverandi aðstæður en gæti hafa verið mun stærri. Brattast er upp á hólinn að norðan. "Vaðmálsvöttur úr móræðu vaðmáli fannst árið 1881 á rúmlega þriggja metra dýpi í húsarúst í Görðunum." (sbr. Jón Böðvarsson: *Akranes. Frá landnámi til 1885*, 79. Elsa E. Guðjohnsen, "Fágæti úr fylgnum jarðar", *Skírnir*, vor 1992).  
Hættumat: mikil hætta vegna líkagraftar  
Heimildir: Túnakort 1920; BB II, 396.

**Bo-056:002** heimild um kirkju 64°19.176 N 22°02.559 V  
Kirkjan stóð austan við bæinn, neðan við bæjarhólinn, og hefur verið stutt á milli, á.a.g. 20 m. Kirkjan var lögð niður og önnur byggð á Skipaskaga 1896 og viðir gömlu kirkjunnar seldir á uppboði sama ár. Grjótið úr undirstöðunum var notað í kirkjugarðsvegginn og miðja öldina sá ekki lengur fyrir kirkjutóftinni. 1955 var byrjað að byggja klukkuturn til minningar um Garðakirkju og var honum valinn staður þar sem menn töldu kór gömlu kirkjunnar hafa verið. Það kemur vel saman við að vera í miðjum kirkjugarðinum eins og hann var skv. Túnakorti frá 1920. Ekkert sést til kirkjustæðisins gamla né gamla kirkjugarðsveggjarins, en garðurinn hefur verið færður mikið út bæði til S og V en A og N mörk hans eru þau sömu og um síðustu aldamót.  
"Við grunngröftinn [að klukkuturninum 1955] kom hinsvegar upp mikill fjöldi mannabeina og taldi Jóhann byggingameistari sig hafa getað greint 7-8 kistulög í jarðvegssniði áður en komið var niður í óhreyfða mold." GH Akraneskirkja, 206.  
Hættumat: mikil hætta vegna líkagraftar  
Heimildir: BB II, 395; GH Akraneskirkja, 206; Túnakort 1920.

**Bo-056:003** heimild um útihús 64°19.153 N 22°02.397 V  
Um 100 m A við bæinn í Görðum, utanvið NA-horn lóðarinnar Jörundarholt 33, við gangstéttarbrúnina stóð útihús 1920 sem nú sést hvorki tangur né tetur eftir af.  
Hættumat: hætta vegna útivistar  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-056:004** heimild um útihús 64°19.206 N 22°02.646 V  
Um 20 m A við steinhúsið í Görðum og um 5 m norðar var allstórt útihús árið 1920. Það er nú komið undir malarveg þann sem liggur eftir endilöngum hólnum. Húsið hefur staðið á allbrattri brekkubrún.  
Hættumat: hætta vegna ábúðar  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-056:005** Suðurhjáleiga heimild um býli  
1705: "Hjáleiga ein ónafngift, nema hvað hún stundum var kölluð Suðurhjáleiga, var í túninu. Bygðin hefur varað lengur eður skemur um sinn, ekki minnst menn nær fyrst hún var gjör. Nú hefur það næstu 5 ár auðn verið." Ekki er vitað hvar í túninu þessi hjáleiga var. Í lýsingu bæjarhúsa á Görðum 1719 er getið um tvö hús, annað milli eldhúss og smiðju á hlaði vestan við bæinn, og eitt í tveimur stafgólfulum fyrir austan bæinn. Ekki er getið um notkun þessara húsa og er mögulegt að annað eða bæði hafi verið íveruhús hjáleigumanna, eystra húsið þá væntanlega sama og Suðurhjáleiga.  
Heimild: JÁM IV, 83; GH Akraneskirkja, 32.

**Bo-056:006** Norðurhjáleiga heimild um býli  
1705: "Önnur hjáleiga, kölluð Norðurhjáleiga, var með öllum sömu kostum og löstum sem Suðurhjáleiga, og hefur í sex ár í auðn verið." Ekki er vitað hvar þessi hjáleiga hefur staðið.  
Í lýsingu bæjarhúsa á Görðum 1719 er getið um tvö hús, annað milli eldhúss og smiðju á hlaði

vestan við bæinn, og eitt í tveimur stafgólum fyrir austan bæinn. Ekki er getið um notkun þessara húsa og er mögulegt að annað eða bæði hafi verið íveruhús hjáleigumanna, vestara húsið þá væntanlega sama og Norðurhjáleiga.

Heimild: JÁM IV, 83; GH Akranes Kirkja, 32.

**Bo-056:007** Fornmannakross heimild um landamerki 64°19.191 N 22°05.024 V  
1889: "[Landamerki milli Garða og Heimaskaga eru] Bein sjónhending frá Grásteini [017] í Krókum í fornmannakross markaðan í klöppina fyrir utan Brekkubæjarbrún og þaðan eftir sömu sjónhending í Leirgróf að austanverðu."

Lítið er nú eftir af Brekkubæjarbrún en á henni standa húsin við Heiðarbraut. Allmikil klöpp gekk til SV frá brúninni, þar sem nú er vesturálma sjúkrahússins. Klöppin var með aflíðandi halla til SV og skagaði fram í Merkigerði. Hún var síðan sprengd þegar gatan var steipt og hefur horfið endanlega þegar sjúkrahúsið var reist. Krossinn hefur sennilega verið á klöppinni þar sem hún ver lengst í vestur á mótis við bilið milli Merkigerðis 8 og 10. Í landamerkjabókinni er orðið 'fornmannakross' ekki auðlesíð og gæti byrjað á 't' en 'mannakross' er ótvírætt.

Í skiptabréfum frá 1653 og 1697 er aðeins getið um jarðfasta hellu í Garðalandi sem miðað er við þegar lína var dregin eftir endilöngum Skaganum en í skiptabréfi frá 1839 er getið um "merkjastein þann á merkjalínunni Garða og Skaga á millum, sem kross er í merktur" og í landamerkjabréfi frá 1861 um "fornmannakross markaður á klöppina fyrir utan Brekkubæ"

Heimild: Landamerkjabók Borg+Mýr II, 122; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 41 og 42.

**Bo-056:008** heimild um landamerki

14.10.1884: "Takmarkalínu milli Innri- og Ytri-Akraneshrepps ákvað sýslunefndin þannig að lína skyldi dregin beina sjónhending úr Kalmansvíkurlækjarósi austanvert við Jaðarstúnið og þaðan eptir gömlu garðlagi, sem liggur suður og ofan að sjónum fyrir austan Jaðar í klöpp þá, sem liggur á miðjum Langasandi og skyldi allt það land og nytjar til lands og sjáfar, sem liggur Skagamegin við þessa línu tilheyra Ytri-Akraneshreppi, þannig að það lægi innan takmarka hans."

Hvergi sér nú til garðlags þessa og virðist það þegar hafa verið óljóst um aldamótin því það er ekki sýnt á uppdrætti af Skaganum frá 1901. Þar er hinsvegar sýnd merkjalínan sunnan og austan við Jaðar og má af henni fá hugmynd um hvar garðurinn hefur verið. Hann hefur legið í sveig af bakkanum þar sem Innnesvegur er nú og síðan niður á mýrarnar og út á Langasand rétt innan við Merkið.

Heimild: Gerðabók sýslunefndar 1884, pr í JB Akranes, 289

**Bo-056:009** Sólmundarhöfði heimild um stekk 64°18.820 N 22°03.069 V  
1705: "Sólmundarhöfde er stekkarstæði staðarins. Það hefur staðarhaldarinn nú fyrir 7 eður 8 árum um eitt ár ljeð nauðstóddum fátæklingi. ... Bygðin varaði fram á vor ..."

Ekki er vitað hvar stekkurinn var en m.v. núverandi aðstæður er sennilegast að hann hafi verið annaðhvort á lóð Sólmundarhöfða II eða III (nú 1 og 2) og er hnitíð tekið á miðjum lóðamörkunum.

Sólmundarhöfði er breiður vallgróinn höfði og er lending fyrir neðan hann að austan.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: JÁM IV, 83.

**Bo-056:010** Sólmundarhöfði I bæjarstæði býli 64°18.847 N 22°03.157 V  
"Fyrst var byggt á Sólmundarhöfða rétt fyrir 1700 ... en byggðin hélst tæpt ár. Aftur mun Sólmundarhöfði hafa byggt 1872, og var þar á tímabili margbýlt eða 6 býli, þegar flest var, og leigjendur að auki."

Sólmundarhöfði I stóð á vallgrónum höfða á háum sjávarbakka ofan við vörina, um 30 m V við Sólmundarhöfða II (nú 1), og sjást hleðslurnar úr grunninum enn. Guðmundur Magnússon frá Kjalarnesi reisti hér bæ árið 1872 og var búíð á staðnum til 1940. Bærinn gekk undir ýmsum nöfnum, m.a. "Ellertshús" og "Jóhönnuhús" eftir ábúendum hverju sinni. A og S við hússtæðið er óræktarblettur, sennilega gamall garður. Um 10 m N við hússtæðið, í rofbakkanum, er grjót á um 20 cm dýpi, undir beituskeljalagi, á um 4 m belti, aðeins eitt umfar af heldur smáu grjóti en er þó greinilega mannvirki af einhverri tegund. Túnakortið frá 1920 er greinilega í vitlausum hlutföllum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1920; BB II, 397.

**Bo-056:011** Arahús (Sólmundarhöfði V) bæjarstæði býli 64°18.880 N 22°03.987 V  
"Fyrst var byggt á Sólmundarhöfða rétt fyrir 1700 ... en byggðin hélst tæpt ár. Aftur mun

Sólmundarhöfði hafa byggst 1872, og var þar á tímabili margbýlt eða 6 býli, þegar flest var, og leigjendur að auki."

Fimmti bærinn á Sólmundarhöfða var fyrst torfbær (sbr. 033), kallaður Hallsteinsbær en 1905 var hann fluttur til NA og þar byggð lítið timburhús sem síðan hefur kallast Arahús. Það er um 30 m SA við Sólmundarhöfða III og IV, og stendur á breiðum vallgrónum höfða. Húsið er klætt skeljasandsplötum. Það heitir nú Sólmundarhöfði 3. Lóðin er nú afmörkuð með steinsteyptri girðingu og er mun minni en hún var 1920. Þá náði hún mun lengra til S og A og gæti hafa brotið af bakkanum síðan þá. Á túnakorti er þetta býli kallað Sólmundarhöfði II.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1920;BB II, 397.

**Bo-056:012** Árnahús (Sólmundarhöfði III) bæjarstæði býli 64°18.856 N 22°03.028 V

"Fyrst var byggð á Sólmundarhöfða rétt fyrir 1700 ... en byggðin hélst tæpt ár. Aftur mun Sólmundarhöfði hafa byggst 1872, og var þar á tímabili margbýlt eða 6 býli, þegar flest var, og leigjendur að auki."

Þriðja býlið á Sólmundarhöfða var byggð eftir 1886 og stóð mun innar á höfðanum en hin tvö fyrri. Þar byggði Árni Sigurðsson síðan lítið timburhús árið 1903 og hefur það verið stækkað líttilega síðan en er annars í aðalatriðum í upprunalegu horfi. Túnið er mishæðott og gætu þar verið mannvirkjaleifar á fleiri en einum stað. S við húsið er rabbarbaragarður í því miðju. Lóðin er nú ámóta stór og á túnakorti, en hefur verið sameinuð Sólmundarhöfða IV og saman heitir þetta nú Sólmundarhöfði 2 og er enn búið þar. Meðfram austurhlið túnsins er 17 m langur, 1 m breiður og 1,2 m hárr grjóthlaðinn garður. Annar garður, 28 m langur er fyrir norðurhlið, frá lóðamörkum við Sólmundarhöfða V (nú 3) og að húsinu sem var Sólmundarhöfði 4.

10 m vestan við það hús byrjar garðurinn á ný og nær 46 m til vesturs, að heimreiðinni að Sólmundarhöfða I og II (nú 1). Garðurinn er einna hæstur á þessum kafla, eða 1,5 m og víðast er hann mun hærri að utan en innan. Að sögn heimildamanns voru grjótgardar miklu víðar á höfðanum og var það eitt af skylduverkum þeirra sem leigðu hér spildur af Garðapresti að halda þeim við.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1920; BB II, 397.

**Bo-056:013** Snjáfríðarhús (Sólmundarhöfði IV) bæjarstæði býli 64°18.900 N 22°02.986 V

"Fyrst var byggð á Sólmundarhöfða rétt fyrir 1700 ... en byggðin hélst tæpt ár. Aftur mun Sólmundarhöfði hafa byggst 1872, og var þar á tímabili margbýlt eða 6 býli, þegar flest var, og leigjendur að auki."

Fjórði bærinn á Sólmundarhöfða mun hafa verið reistur um svipað leyti og sá þriðji, eftir 1886. Hann stóð svotil við hliðina á þriðja bænum, 11 m norðan við og húsbreidd austar, um 40 m sunnan við austurálm dvalarheimilisins, þar sem nú er hlaða. Búið var í Snjáfríðarhúsi til 1931 en síðan hefur lóðin verið sameinuð Sólmundarhöfða III. Á þessum stað er nú lítið járnklætt timburhús, á steypum sökkli, eins og hjallur í laginu (háir veggir m.v. þakhalla) en heimildamaður kallar það hlöðu. Tveir skúrar hafa verið byggðir við það að norðan en þar laus frá er síðan þriðji skúrinn, pappaklæddur, alveg við veginn. Lóðin hefur verið sameinuð Sólmundarhöfða III og kallast býlið nú Sólmundarhöfði 2, en grjóttveggir skilja enn á milli gömlu lóðanna eins og lýst er í 012.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1920;BB II, 397.

**Bo-056:014** Sólmundarhöfði II bæjarstæði býli 64°18.833 N 22°03.130 V

"Fyrst var byggð á Sólmundarhöfða rétt fyrir 1700 ... en byggðin hélst tæpt ár. Aftur mun Sólmundarhöfði hafa byggst 1872, og var þar á tímabili margbýlt eða 6 býli, þegar flest var, og leigjendur að auki."

Annað býlið á Sólmundarhöfða var reist suðaustan á höfðanum (sbr. 032) og var þá torfbær en 1905 var byggð lítið timburhús mun vestar, nær Sólmundarhöfða I og stendur það enn. Við það hefur verið byggð og byggingin öll forsköluð en miðhlutinn mun vera elstur. Á vallgrónum, breiðum höfða, skammt ofan við vörina Túnakort: 4558 m<sup>2</sup>, garðar 2263. Húsið stendur langhæst af bæjunum á Sólmundarhöfða og gæti þar verið lítil bæjarhóll. Býlið heitir nú Sólmundarhöfði 1. Á túnakorti er þetta býli kallað Sólmundarhöfði V.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1920; BB II, 397.

**Bo-056:015** heimild um útihús 64°16.834 N 22°03.097 V

*Fornleifar á Akranesi*

Samkvæmt túnakorti var lítið útihús austan við bæinn á Sólmundarhöfða II. Á þeim stað er nú lítið steinsteypt hús, um 20 m norðaustan við íbúðarhúsið. Austan undir þessu húsi er lítill kálgarður og eru grjóthleðslur um hann á kafla hjá undirstöðum hússins og gætu það verið leifar af eldri mannvirkjum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-056:016** Brúarsporður (Sólmundarhöfði VI) bæjarstæði býli 64°18.838 N 22°03.851 V

"Fyrst var byggt á Sólmundarhöfða rétt fyrir 1700 ... en bygðin hélst tæpt ár. Aftur mun Sólmundarhöfði hafa byggst 1872, og var þar á tímabili margbýlt eða 6 býli, þegar flest var, og leigjendur að auki." Sjötta og síðasta býlið á Sólmundarhöfða var reist 1895 og var búið þar til 1940. Það mun hafa verið torfbær, reistur við endann á brúnni sem gerð hafði verið til að draga grjót upp úr fjörunni heim að Görðum fyrir byggingu steinhússins þar 1876-81. Þessi staður er nálægt suðurhorni lóðarinnar Höfðabrekku 11, um 15 m frá sjávarbakkanum. Nú sléttuð grasflöt upp af sjávarbakka.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Túnakort 1920; BB II, 397.

**Bo-056:017** Grásteinn náttúrmin landamerki 64°19.225 N 22°05.253 V

1889: "[Landamerki milli Garða og Heimaskaga eru] Bein sjónhending frá Grásteini í Krókum í fornmannakross markaðan í klöppina fyrir utan Brekkubæjarbrún og þaðan eftir sömu sjónhending í Leirgróf að austanverðu." "Í króknum á hleininni, við Traðarbakka, beint undan þar sem nú er gatan Merkigerði á Akrenesi, er stór steinn, sem heitir Grásteinn; hann er á merkjum Garðalands og Skagans." Vestur úr Krókalóni gengur vik inn með fjörunni (Traðarbakkavör eða Grásteinsvör) en utan við vikið er kletthalein sem flæðir yfir á stórstraumsflóðum. Sunnanmegin á hleininni er stór stakur grágrýtissteinn, beint niður undan götunni Merkigerði og eru um 60 m frá steininum að grabakkanum ofan við vikið.

Í fjörumáli, á gróðurlausri kletthalein. Af þanginu að dæma flæðir upp undir steininn á flóðum en ekki hærra nema stórstreymt sé. Steinninn er um 2,5 m hár og um 3x4 m að grunnflatarmáli, óreglulegur ferhyrningur sem gengur upp í strýtu. Undir hann loftar á öllum hliðum og er hann þannig settur á sléttu klöppinni að hann virðist vera í þann mund að velta, eða a.m.k. að lítið þurfi til að hann færist til. Í raun mun hann algerlega óhagganlegur og ekki bifast hið minnsta við storma og stórsjó í sem yfir hann hafa gengið. Sú þjóðsaga er um steininn að það hafi átt að flytja hann úr fjörunni til að gera minnismerkið um sjómanninn á Akratorgi en að allar tilraunir til að færa hann hafi mistekist.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Landamerkjabók Borg+Mýr II, 122; Ö-Garðar, 1.

**Bo-056:018** Götuhús heimild um býli

"Inn af Grásteini [017] voru varir ... Þar inn af með landinu eru malarkampar og klettur. Heitir fyrst Götuhússakampur, og innar er Presthússakampur [sjá Bo-058], báðir kenndir við býli sem hér stóðu."

Nánar upplýsingar vantar.

Heimild: Ö-Garðar, 1.

**Bo-056:019** Kalmannsvíkurbrú heimild um leið

Kalmannsvíkurbrú hefur verið upphlaðinn vegur yfir mýrina frá Kalmannsvíkurlækjarósi og að holtunum sem gamla þjóðleiðin lá um út á Skaga.

**Bo-056:020** heimild um mógrafir 64°19.311 N 22°04.868 V

"Suðaustur af Götuhúsakampi [018] er mýri, sem náði að holti, sem var samhliða kámpinum. Þessi mýri hét Götuhúsamýri, nú mikið byggð og aldrei nefnd. Upp af henni var holt, sem hét Klöpp. ... Norður af Klöpp var flóaflæmi allmikið, Brekkubæjarmýri. Þetta var mikið mótekjuland ... nú tún og mikið orðið byggð af henni." Grafirnar hafa að líkindum verið á allvíðáttumiklu svæði en hnit var tekið SA við íþróttahús, þar sem nú er eitt af fáum opnum svæðum eftir af Brekkubæjarmýri. Á loftmynd frá 1938 sést að þá var mýrin enn til og sér þar móta fyrir mógröfum en 1954 var búið að ræsa fram og byggja á stórum hluta þessa svæðis.

Heimild: Ö-Garðar, 2.

**Bo-056:021** Stekkjarholt örnefni stekkur 64°19.356 N 22°02.181 V

"Norður úr túninu er samhangandi holtahryggur, sem heitir Túnásar. Framhald af því er smáholt grasi vaxið, sem heitir Litla-Klapparholt. Í Klapparholti er huldufólkskirkja. Norður af miðjum Túnásur er Stekkjarholt, fráskilið af smámýrarsundi."

Um 480 m NA við bæinn í Görðum er lágt klettaholt norðan (eða NV) við Túnása. Það er samhliða þeim og eru um 80 m á milli. Holtið og ásarnir eru nú innan útivistarsvæðisins Garðalundar. Mýrin í kringum holtið hefur verið ræst fram og er nú slétt grasflöt. Ekki hefur þó verið sléttað alveg upp að holtinu heldur hefur verið skilinn eftir smápýfður krugi og tré, bæði birki og barrtré, gróðursett í kringum holtið og á það, einkum NA-til. Holtið er rúmlega 80 m langt og um 25 m breitt. Hvergi sér til tófta við það.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Garðar, 4.

**Bo-056:022** Klapparholt heimild um huldufólksbústað 64°19.372 N 22°02.977 V

"Norður úr túninu er samhangandi holtahryggur, sem heitir Túnásar. Framhald af því er smáholt grasi vaxið, sem heitir Litla-Klapparholt. Í Klapparholti er huldufólkskirkja."

Klapparholt er um 650 m NA af bænum í Görðum, bið NA enda Túnása og eru um 30 m á milli.

Holtið er nú inni á útivistarsvæði Akurnesinga, Garðalundi. Mýrarnar í kring hafa verið ræstar fram og tré gróðursett, bæði meðfra' m Túnásu og í norðurhlið Klapparholts. Klapparholtið er um 60 m langur og 30 m breiður stakur klettahóll sem stendur allhátt úr jafnsléttu með bröttum hliðum. Annað holt, talsvert lengra í NA, en í framhaldi af Túnásu, er allstórt stakt holt sem á sumum kortum er nefnt Klapparholt.

Heimild: Ö-Garðar, 4.

**Bo-056:023** Hofhóll örnefni 64°19.169 N 22°02.950 V

"Vestur af bænum í túninu sjálfu er lágur hóll, Hofhóll. Vegurinn heim að Görðum liggur nú gegnum hólinn, þar sem túnið byrjar. Þetta er ávöl hæð. Þegar grafið var gegnum hólinn, fannst þar þykkt lag af beituskeljum." segir í örnefnalýsingu.

Hóllinn hefur verið á vestasta enda hólranans sem bærinn og túnið eru á, það er um 30 m norðan við gatnamótin á Garðagrund og heimreiðinni, um 100 m vestan við steinhúsið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Garðar, 4.

**Bo-056:024** Brú heimild um samgöngubót 64°18.839 N 22°02.850 V

"Vestan við Sólmundarhöfða var tekið grjót í gamla húsið og dregið eftir Brú, sem var rudd gegnum pýfið og flóann. Sér enn fyrir henni að kafla."

Grjótið hefur verið dregið frá Langasandskrika, þvert fyrir Sólmundarhöfða og þaðan til Garða því síðast mun hafasést fyrir brúnni við hornið á Höfðagrund 11. Sá staður er lítið eitt norðaustan við þar sem býlið Brúarsporður var. Brúin lá um mýrar og móa, en nú er landið albyggt. Nafnið Brúarsporður gæti bent til að þar hafi brúin frá Langasandskrika endað. Það er þó ólíklegt því ætla má að torfærurnar hafi fyrst byrjað ofan við höfðann, í mýrunum milli hans og Garðatúns. Hinn möguleikinn er að brúin hafi byrjað á þessum stað og að ekki hafi þurft að gera neina samgöngubót frá Langasandskrika þar sem greiðfært er fyrir höfðann og er það líklegast.

Hættumat: hætta vegna ábúðar.

Heimild: Ö-Garðar, 4.

**Bo-056:025** heimild um leið 64°18.885 N 22°03.151 V

"Vestan við Sólmundarhöfða var tekið grjót í gamla húsið og dregið eftir Brú, sem var rudd gegnum pýfið og flóann. Sér enn fyrir henni að kafla. Svæðið þarna á bökkunum heitir Langisandur. ... Innst á sandinum heitir Langasandskriki; þar lá vegurinn upp af sandinum, áður en lagðir vegir komu." segir í örnefnalýsingu. Nú er skarð í grjótvörnina vestan við dvalarheimilið þar sem hægt er að keyra niður á sandinn. Kálgarðar eru strax SA við þann stað og hafa verið lengi og sunnar, nær höfðanum sjálfum, er brattara og meira klungur yfir að fara til að komast upp úr fjörunni. Það er því sennilegt að vikið sé á þeim sama stað og gamla þjóðleiðin. Grjótið í steinhúsið hefur einnig verið dregið upp úr fjörunni í þessum krika (sbr. 024)

Heimild: Ö-Garðar, 4.

**Bo-056:026** Þjóturinn þjóðsaga um stekk

"Bræðrapartsboði er fram undan Bræðrapartsklettum. Þar nokkuð langt úti er Þjóturinn; það eru tvö sker, mjög djúpt á milli þeirra; gömul sögn, að þar hafi verið stekkurinn frá Görðum." segir í örnefnalýsingu.

Heimild: Ö-Akranes, 9.

**Bo-056:027** Jörundarholt heimild um bústað

"Jörundr inn kristni var sonr Ketils Bresasonar. Hann bjó í Jörundarholti, þat er nú kallat í Görðum."

*Fornleifar á Akranesi*

Tvær hugmyndir eru uppi um hvar Jörundarholt hafi verið. Önnur hefur það á þeim stað sem nýbýlið Steinsstaðir er nú, vestan við Garða, en hin austan við, nálægt merkjunum við Kross.

Heimild: Landnámabók, 15. kap.

**Bo-056:028** heimild um vatnsból 64°18.912 N 22°03.055 V  
"Áður en vatnsveita kom til sögunnar sóttu íbúar Sólmundarhöfða neysluvatn sitt löngum í Lindina, sem var uppspretta þar sem norðurveggur dvalarheimilisins er nú." segir í örnefnalýsingu.  
Lindin er nú horfin undir dvalarheimilsvegginn en hefur verið um 150 m frá Sólmundarhöfða III og IV en um 250 m frá Sólmundarhöfða I og II.  
Heimild: Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skipaskaga- skín á nes og vör", 9.

**Bo-056:029** *Fagurhóll* heimild um smiðju 64°18.891 N 22°03.051 V  
"Þá var Smiðja Sveins í Hlíð, Eiríkssonar á svokölluðum Fagurhól, um það bil þar sem litli golfvöllurinn við dvalarheimilið er nú, en Sveinn mun á tímabili hafa búið í Smiðjunni." segir í örnefnalýsingu.  
Smiðjan er horfin undir grasflöt. Þessi staður er um 50 m norðan við Sólmundarhöfða III (Árnahús) í krika sem myndast af L-laga dvalarheimilinu. Kyrfilega sléttuð grasflöt.  
Heimild: Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skipaskaga- skín á nes og vör", 9.

**Bo-056:030** heimild um útihús 64°18.828 N 22°03.173 V  
Um 15 m NA af Sólmundarhöfða I (010) var útihús skv. túnakorti og eru steyptar undirstöður lítils húss enn á þessum stað, 30 m V af Sólmundarhöfða II (014), á vallgrónum höfða, nálægt sjávarbakka Steypukjallarinn, sem nú er á þessum stað, er 4,5x3 m að utan, niðurgrafinn um 1,5-2 m en torfhleðslur eru upp að honum að utan.  
Hættumat: hætta vegna ábúðar  
Heimild: Túnakort 1920

**Bo-056:031** *Sólmundarhöfðavör* mannvirki lending 64°18.815 N 22°03.185 V  
Vörin er utan við höfðann þar sem hann gengur lengst úti sjó, beint niður undan býlinu Sólmundarhöfða I (010) og er þar um 14 m breið malarfjara sem stórgrýti hefur verið rutt úr og upp undir grasbakkann, 20 m ofar. Lítil vík, klettalaus, í annars stórgrýttu fjörunáli. Lendingin þótti ekki góð en var sú eina í Garðalandi austan við Skipaskaga. Bátar voru dregnir upp á bakkann með spili en allbratt er úr fjörunni upp á höfðann. Það var hluti af kvöðum þeirra sem leigðu lóðir af Garðapresti á Sólmundarhöfða að ryðja fjöruna. Síðast var róið frá þessari vör 1978.

**Bo-056:032** *Sólmundarhöfði II* frásögn um býli 64°18.796 N 22°03.100 V  
Um 30 m SA við núv. íbúðarhús á Sólmundarhöfða II (nú 1), byggðu 1905, var fyrst byggður torfbær skömmu eftir 1872. Þessi bær var síðan færður er nýtt timburhús var byggt 1905. Bærinn stóð sunnanvert við túngarð sem nú liggur NV-SA fyrir utan Sólmundarhöfða II, um þveran höfðann. Í túni, við túngarð eða jafnvel undir honum.  
Hættumat: hætta vegna ábúðar

**Bo-056:033** *Hallsteinsbær* frásögn um býli 64°18.834 N 22°02.922 V  
Sólmundarhöfði V var byggður 1905 og kallast Arahús en torfbærinn sem fyrstur var reistur á þessari lóð stóð um 30 m SA við húsið, þar sem nú er slétt flöt, og kallaðist þá Hallsteinsbær. Þessi staður er um 20 m ofan við sjávarbakka eins og hann er nú og stendur á vallgrónum höfða, þar er nú slétt grasflöt. Bær þessi hefur verið byggður um 1890, a.m.k. eftir 1886.  
Hættumat: hætta vegna ábúðar

**Bo-056:034** *Bær* heimild um bústað  
"Bær, byggður 1890 af Ásmundi Guðmundssyni, fer í eyði 1903, stóð nálægt þar sem Valdastaðir stóðu síðar, við Vesturgötu 107."  
Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-056:035** *Garðbær* heimild um bústað  
Nánari upplýsingar vantar.

**Bo-056:036** *Mýrarholt* heimild um bústað  
*Fornleifar á Akranesi*

"Mýrarholt - Mýrarhús, fyrst byggður það torfbær 1891 af Guðmundi Ólafssyni, 1905 byggir Kristján Ólafsson þar timburhús og nefnir Mýrarhús, 1937 reif Ólafur Kristjánsson gamla húsið og byggði þar steinhús, sem stendur við Vesturgötu 125."

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-056:037** *Brekkukot* heimild um bústað

"Brekkukot, 1889 byggir Þórunn Þórðardóttir þar torfbæ, það hefur síðan verið mikið endurbætt og stóð að Heiðarbraut 31, en gamla húsið hefur verið flutt að Presthúsabraut 35."

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-056:038** *Litlabrekka* heimild um bústað

"Litlabrekka, byggt 1865 af Ólafi Magnússyni, 1912 er byggt þar steinhús, sem stendur við Heiðarbraut 33."

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-056:039** *Klöpp* heimild um bústað

"Klöpp, byggður þar fyrst torfbær af Oddi Guðmundssyni, 1908 byggir Jón Jónsson þar timburhús og 1934-1935 byggir Jón þar aftur og stendur það hús við Heiðarbraut 41."

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-056:040** *Tjarnarhús* heimild um bústað

Nánari upplýsingar vantar.

**Bo-056:041** *Smíðjuvellir* heimild um bústað

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-056:042** *Hóll efri* heimild um bústað

"Hóll efri - Hjarðarhóll, byggður 1900, 1933 reif Valdimar J. Guðmundsson gamla bærinn og byggði þar steinhús, sem nú stendur við Stillholt 16."

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-056:043** *Kirkjubær* heimild um bústað

"Kirkjubær, byggður 1890 af Sigurði Sigurðssyni, 1902-3 byggir Guðjón Þórðarson þar timburbæ sem síðar hefur verið endurbættur. og stendur nú við Kirkjubraut 35."

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-056:044** *Kirkjuvellir* heimild um bústað

"Kirkjuvellir, byggt þar fyrst 1867 af Ara Jónssyni, 1906 byggir Kristján Danielsson þar timburhús, þar stendur nú Sjúkrahúsið."

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-056:045** *Steinsstaðir* heimild um bústað

"Steinsstaðir, byggðir 1898 af Skúla Sigvaldasyni, Steinn Jónsson byggir þar timburhús 1898-99, síðar var því oft mikið breytt, stóð við Kirkjubr. 36."

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-056:046** *Berg* heimild um bústað

Nánari upplýsingar vantar.

**Bo-056:047** *Sigurðarhús* heimild um bústað

Óvíst virðist um nafnið á þessu býli, Sigurðarstaðir og Hóll efri eru einnig möguleikar.

**Bo-056:048** *Jónsbrú* heimild um leið

Nánari upplýsingar vantar.

**Bo-056:049** heimild um leið

Á korti frá 1901 er vegur inn í bæinn kallaður "Nýi vegurinn" og er hann á sama stað og Þjóðbraut nú.

**Bo-056:050**

heimild um mógrafir

Samfellt mógrafasvæði var ofan við þorpið á Skaganum, milli Jaðars og Presthúsa og sóttu þorpsbúar eldivið sinn þangað og greiddu Garðapresti toll fyrir.

**Bo-057**

**Jaðar**

Hjáleiga frá Garði. "Jaðar og Presthús voru í samfelldri byggð fram til síðustu aldamóta, en land það, sem þau stóðu á, gekk fyrst til Akraneskaupstaðar af Garðalandi." BB II, 395. Bærinn rifinn rétt eftir 1930.

1917: 27795 m<sup>2</sup>, garðar 1848 m<sup>2</sup>. 1/2 þýft. Tún Jaðars hafa verið utan í hólnum sem bærinn stóð á og á sjávarbökkunum meðfram Langasandi, en mýrlendi hefur verið á milli, þar sem knattspyrnuvöllurinn er nú.

**Bo-057:001**

heimild um bústað

64°19.112 N

22°03.720 V

Á bæjarstæði Jaðars er nú gragrýtissteinn til minningar um hann. Hann er uppi á hólrana sem liggur A-V ofan við knattspyrnuvöllinn. Bæjarstæðið er um 100 m suður af næstvestustu (og næstelstu?) blokkinni.

Á bæjarstæðinu hefur öllu verið umturnað og er lítið eftir af upprunalegu landslagi. Að dæma af kortgrunni sem gerður er eftir loftmynd sem tekin var seint á 6. áratugnum hefur þá verið aflangur hól, 60x20 m, ofan við þar sem steinninn er nú, norðan við Jaðarsbraut sem þá lá eftir hólrananum. Bærinn hefur staðið austanvert á þessum hól sem nú er horfinn og sennilega þar með mest af bæjarleifunum. Minningarsteinninn var upphaflega settur niður annarsstaðar en færður á þennan eftir forsögn Þórðar Árnasonar. Aska kom upp er grafið var fyrir steininum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917.

**Bo-057:002**

Forni-Jaðar

heimild um býli

64°19.109 N

22°03.524 V

"Á landamerkjum Jaðars og Garða stóðu hús úr torfi, sem nefnd voru Forni-Jaðar, en eru nú fyrir löngu horfin." segir í örnefnalýsingu. Ekki verður nákvæmlega úr því skorið hvar Forni-Jaðar stóð enda hefur landinu öllu verið umbyllt gersamlega. Húsin hafa staðið á svipuðum slóðum og íþróttahús ÍA við gatnamót Innesvegjar og Garðabrautar, heldur nær Innesvegi en húsið samkvæmt túnakorti en heldur sunnar, í brekkunni ofan við íþróttavellina samkvæmt Þórði Árnasyri sem man eftir hesthúskofa hangandi uppi á þessum stað. Á þessum stað hafa verið mörk vallendisássins sem Jaðarbærinn stóð á og mýranna sem náðu heim að túni í Görðum. Nú er hér öllu umbyllt og skiptast á vegir, bílþaplön og byggingar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Akranes, 2.





*Leifar bæjarhólsins í Presthúsum. Er hann í stórhættu vegna landbrots.*

Var hjáleiga frá Garði. "Jaðar og Presthús voru í samfelldri byggð fram til síðustu aldamóta, en land það, sem þau stóðu á, gekk fyrst til Akraneskaupstaðar af Garðalandi." BB II, 395.

Bo-058:001           bæjarhóll           bústaður           64°19.596 N   22°04.424 V

Hóllinn stendur við vesturenda Kalmansvíkur. Farið er eftir Ægisbraut í norðvestur, út á enda og gengið í ASA, um 300 m. Grasi vaxinn hóll sem stendur í jaðri byggðarinnar og út á sjávarbakkanum. Rof er í bakkann. Allur vesturhluti túnsins, þ.e. túnið vestan og sunnan Presthúsabæjar, er horfinn undir nýbyggingar. Austurendi túnsins nær út að sjó yst í Kalmansvík og er það enn autt svæði. Göngustígur er þvert yfir hólinn og lítilsháttar rof þar í.

Hættumat: Mikil hætta vegna sjávangangs

Heimild: Túnakort 1917.

Bo-058:002           útihús           64°19.604 N   22°04.375 V

Útihús stóð um 40 m austan við bæinn samkvæmt túnakorti frá 1917. Tóftaleifar standa út á bakkanum við sjóinn og brýtur af þeim.

Hættumat: Mikil hætta vegna rofs

Heimild: Túnakort 1917.

Bo-058:003           heimild um útihús   64°19.574 N   22°04.390 V


Útihús stóð um 8 m sunnan við bæinn samkvæmt túnakorti. Nú er þar grasi gróin spilda, rétt utan við lóðina Ægisbraut nr. 9. Óljós vottur af kanti er við NA brún lóðar nr. 9. Gæti verið leifar af tóftinni, en er þó ekki allskostar víst.

Hættumat: hætta vegna útivistar

Heimild: Túnakort 1917.

Bo-058:004           heimild um útihús   64°19.599 N   22°04,408 V

Útihús stóð um 6 m SA við bæinn, fast austan við útihús nr. 003, samkvæmt túnakorti. Þar er nú grasi gróin spilda, sem liggur rétt utan við lóð nr. 9 við Ægisbraut og ekki sjást þar neinar tóftaleifar.



Hættumat: Hætta vegna útivistar  
Heimild: Túnakort 1917.

**Bo-058:005** heimild um útihús 64°19.593 N 22°04.480 V  
Útihús stóð um 25 m VSV frá bænum, sem nú er inn á lóð nr. 7 við Ægisbraut. eru allar mannvirkjaleifar horfnar, því hér stendur nú hús nr. 7 við Ægisbraut.  
Heimild: Túnakort 1917.

**Bo-058:006** heimild um útihús 64°19.554 N 22°04.497 V  
Útihús stóð um 120 m. VSV frá bænum. Leifar þess eru horfnar því nú stendur hér hús nr. 4 við Ægisbraut.  
Heimild: Túnakort 1917.

**Bo-058:007** heimild um vatnsból 64°19.584 N 22°04.418 V  
Brunnur var um 60 m SV frá bænum samkvæmt túnakorti. Þessi staður er nú í húsagarði, n.t.t. við suðvesturhorn lóðar nr. 9 við Ægisbraut, og því sést ekki til brunnsins.  
Hættumat: hætta vegna ábúðar  
Heimild: Túnakort 1917.

**Bo-058:008** bæjarstæði bústaður Staðsetning óþekkt  
Tómthús var hjá Presthúsum skv. jarðabók frá 1705. Ekki verður vitað um staðsetningu þess.  
Heimild: JÁM IV, 85.

**Bo-058:009** bæjarstæði bústaður Staðsetning óþekkt  
Tómthús var hjá Presthúsum skv. jarðabók frá 1705. Ekki verður vitað um staðsetningu þess.  
Heimild: JÁM IV, 85.

**Bo-058:010** heimild um verbúð Staðsetning óþekkt  
Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Verbúð er hér ein, hana brúkar staðarhaldarinn fyrir sjófólk það, er skipum hans fleytir, og gánga þaug hjer ár um kring, so sem þeir fá viðkomið." Ekki er ljóst hvar þessi verbúð hefur staðið.  
Heimild: JÁM IV, 86.

**Bo-058:011** heimild um útihús 64°19.564 N 22°04.565 V  
Útihús stóð í túninu, um 120 m. vestan bæjarins. Leifar þess eru ekki sýnilegar, enda er hér ytri kantur á beygju Ægisbrautar.  
Hættumat: Hætta vegna ábúðar.  
Heimild: Túnakort 1920

## **Bo-059 Kalmansvík**

8 hndr. 1706. Garðakirkjueign. Venjulegri búsetu lauk 1930 en byggð hélt þar nokkuð lengur.  
1920: 14168 m<sup>2</sup>, garðar 1700 m<sup>2</sup>, 1/4 þýft. Gamla túnið í Kalmansvík lá eins og víkin og stendur bæjarhóllinn í því miðju. Engar byggingar standa núna í túninu, en hér hefur verið mikið rask og túnið hefur verið sléttað og ræktað.

**Bo-059:001** bæjarhóll bústaður 64°19.586 N 22°04.057 V  
"Var bærinn upp af Kalmansvík, þar sem nú er hóll." Gamla túnið í Kalmansvík er nú nær allt sléttað, frá víkinni og upp að þjóðvegi. Hóllinn stendur um 40 m frá víkinni. Upp á bæjarhóllinn hefur verið mokað jarðvegi af garðyrkjustjóra. Hann er grasi vaxinn og stendur í ræktuðu túni. Ekki sést til tófta á eða við hóllinn. E.k. lögn liggur fast við hóllinn að suðaustanverðu. Hóllinn er um 45 m á lengd N-S, en 37 m A-V. Hann er óvenjuhár, enda mokað upp á hann jarðvegi.  
Hættumat: Hætta vegna útivistar  
Heimild: Túnakort 1920; BB II, 397.

**Bo-059:002** heimild um útihús 64°19.593 N 22°04.028 V  
Samkvæmt túmakorti stóðu útihús stóð fast við bæjarhúsin [001], en þeirra sést ekki merki.  
Hættumat: Hætta vegna útivistar

Heimild: Túnakort 1920.


**Bo-059:003** heimild um útihús 64°19.579 N 22°03.997 V  
Útihúsið stóð um 20 SSA við bæinn. Þar er nú slétt tún og ekki sér þar tóftir.  
Hætta: vegna útivistar  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-059:004** heimild um útihús 64°19.566 N 22°04.113 V  
Útihúsið stóð um 100m SV við bæinn. Vegaslóðinn með víkinni er um 10 m norðan við staðinn, og skurður liggur rétt hjá að SV verðu. Þar er nú slétt tún og ekki sér þar tóftir.  
Hætta: vegna útivistar.  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-059:005** heimild um útihús 64°19.560 N 22°04.200 V  
Útihúsið stóð um 160 m. V við bæinn, um 10 m. sunnan við sjávarbakka. Hér eru leifar af garði, afgangur með torfgirðingu, 9x8 m, þar sem útihúsið hefur líklega staðið áður.

Hætta: Hætta vegna útivistar.  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-059:006** heimild um verbúð staðsetning óþekkt  
"Verbúð er hér ein gjörð fyrir einu ári, þar sem aldrei hafði fyrir verið ..." Staðsetning er nú ekki þekkt, og ekki sjást hér tóftir sem átt gætu við þessa frásögn.  
Heimild: JÁM IV, 107.



**Bo-059:007** Sigvaldarúst heimild um rúst 64°19.574 N 22°04.220 V  
Svo segir í örnefnalýsingu: "... Presthúsvíki, sem var innst við kampana [018] ... Austan hennar gekkk fram smánef, Kalmansvíkurtá, og þar var framan við einstakur klettur, nefndur Grýluklettur, nú alveg horfinn. Innan við þessa tá tók svo og tekur enn við Kalmansvík. Á bakkanum við sjóinn innan við tána var rúst, sem hét Sigvaldarúst ... Þessi rúst er einnig að hverfa, er að brotna og fara í sjó." Það brýtur enn af bakkanum vegna sjávangangs. Ekki sér til tófta, og ekki ólíklegt að hún sé afbrotin. Hugsanlegt er að hana hafi brotið af, eða þá leifar hennar sé enn að finna á bakkanum. Sigvaldi sá er kofinn var kenndur við var afi Sigvalda Kaldalóns.

Hættumat: hætta vegna sjávangangs  
Heimild: Ö-Garðar, 1.

## **Bo-060 Garðasel**

"Það var fyrrum sel frá Görðum, en í lok 18. aldar var byggður þar bær. Getur manntalsþingbók sýslumanns bónda þar 1799, og hélst Garðasel oftast í byggð til 1914." BB II, 396.

1920: 8924 m<sup>2</sup> 3/4 þýft. Túnið er enn þýft og hefur ekki verið unnið síðan búskapur lagðist hér af fyrr á öldinni.

**Bo-060:001** bæjarhóll bústaður 64°19.938 N 22°00.026 V  
Garðasel er austast í landi Garða, á milli öskuhauga Akraness og klettaholts. Tóftirnar eru um 150 m frá suðausturenda öskuhauganna, en um 20 metra undan klettaholtinu austan við. Þýft, gróið land, í kverk á milli vegaslóða sem liggur frá Skógrækt Akraness og í norðaustur í átt að Berjadalsá, og klettaholts. Þetta land er nú nýtt sem hagi fyrir hesta. Rof er í hólinn. Rústin er í raun ferhyrmd upphækkun í landinu, mjög þýft, en ekki sér í veggj eða hólfi. Bæjarhúsin frá 1914 hafa verið sléttuð. Á túnakorti frá 1920 eru húsin merkt sem rústir. Um 50 m frá 001 og 002 í SV vottar fyrir 2-3 öðrum upphækkunum sem gætu verið byggingaleifar einnig, en eru mjög ógreinilegar í öllu þýfinu.

Hættumat: hætta vegna rofs  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-060:002** tóft af útihúsi 64°19.909 N 22°00.122 V

Útihús var um 10 m suðvestan við bæjartóftina (001). Hér sést ekkert tóftalag, þetta er þýfður hóll, húsin líklega rifinn og hóllinn sléttaður.

Hættumat: hætta vegna rofs

Heimild: Túnakort 1920.

### **Bo-061 Ívarshús**

Byggt út úr Skipaskaga sem var 50 hndr. 1847: 3,5 hndr.  
1917: 0.9 ha, garðar 2305 m<sup>2</sup>.

**Bo-061:001** *Ívarshús* bæjarhóll bústaður 64°19.018 N 22°04.867 V

"Hjer ljet Mag. Brynjúlfur í stekkjarsæði jarðarinnar fyrst byggð setja, sem fyrr hafði aldrei verið." "... í gegnum tíðina var bæjarstæðið ýmist niður á bakkanum eða alla leið uppað þar sem nú er hús nr. 68 við Suðurgötu." Íbúðahverfi. Þar sem Ívarshús stóðu síðast (þ.e. við Mánabraut) er nú auð lóð. Húsið sem stendur nú við Suðurgötu 68 var byggt árið 1957 en timburhúsið sem stóð þar áður var flutt. Engin merki eru um útihús sem tilheyrðu Ívarshúsum.

Hættumat:hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; JÁM IV, 86; Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skipaskaga- skín á nes og vör", 12.

**Bo-061:002** heimild um útihús

Útihús stóð um 40 m suðaustan við íbúðarhúsið - nákvæm staðsetning ekki þekkt.

Hættumat:hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

**Bo-061:003** heimild um útihús

Útihús stóð um 80 m suðaustan við íbúðarhúsið - nákvæm staðsetning óþekkt

Hættumat:hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

**Bo-061:004** heimild um útihús

Stóð um 100 m suðaustan við íbúðarhúsið, syðst í túninu. Nákvæm staðsetning óþekkt.

Hættumat:hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

**Bo-061:005** heimild um útihús

Stóð örskammt sunnan við bæjarhúsin - nákvæm staðsetning óþekkt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917.

**Bo-061:006** heimild um lendingu

"Lending og skipauppsátur er hjer hjálplegt og bregst allsjaldan."

Nánari upplýsingar vantar, en þessar minjar hafa eflaust horfið er Sementsverksmiðjan var reist.

Heimildir: JÁM IV, 87.

**Bo-061:007** heimild um skipauppsátur

"Lending og skipauppsátur er hjer hjálplegt og bregst allsjaldan."

Nánari upplýsingar vantar, en þessar minjar hafa eflaust horfið er Sementsverksmiðjan var reist.

Heimildir: JÁM IV, 87.

**Bo-061:008** heimild um bústað

"Tómthúsmaður við þetta býli er Eyjólfur Guðmundsson. Hún er fyrst byggð í tíð sál. Sigurðar Árnasonar, og nú hefur áður nefndur Eyjólfur Guðmundsson þar búið í 24 ár."

Heimildir: JÁM IV, 87.

**Bo-061:009** heimild um bústað

"Annað tómthús bygt hér fyrir 15 árum, þar sem aldrei hafði fyrr hús né byggð verið."

Heimildir: JÁM IV, 87.

**Bo-061:010** heimild um bústað

"Þriðja tómtúsi bygt fyrir fjórum árum, þar sem aldrei hafði fyrir byggð verið, og lagði landsdrottinn við og verk til hússgjörðar. ... Búðin er lasin orðin, og vita menn ei hvör við munu tilleggja."

Heimildir: JÁM IV, 88.

**Bo-061:011** *Ívarsbúð hin stóra* heimild um verbúð

"Vermannabúðir kallaðar Ívarsbúð hin stóra, önnur minni kölluð Litlabúð, öðru nafni Folald, eru sjómansbúðir, sem brúkast fyrir verfólk það, er rær á landsdrottins skipum eður inntökuskipum þeim, er landsdrottinn leyfir hjer verstöðu, vetur, vor eður hausttíma."

Heimildir: JÁM IV, 88.

**Bo-061:012** *Litlabúð* heimild um verbúð

"Vermannabúðir kallaðar Ívarsbúð hin stóra, önnur minni kölluð Litlabúð, öðru nafni Folald, eru sjómansbúðir, sem brúkast fyrir verfólk það, er rær á landsdrottins skipum eður inntökuskipum þeim, er landsdrottinn leyfir hjer verstöðu, vetur, vor eður hausttíma."

Heimildir: JÁM IV, 88.

**Bo-061:013** *Sjávarborg* bæjarstæði býli

"Á árunum 1896-1911 var búíð í litlu timburhúsi, Sjávarborg, sem stóð syðst í Ívarstúni, rétt fyrir ofan Ívarshúsvör." Árið 1911 fer Sjávarborg í eyði á sínum upprunalega stað. Jóhann Björnsson flytur húsið á "partana". [Hús og býli á Akranesi] Á þeim upprunalega stað þar sem Sjávarborg stóð áður eru nú hafnarmannvirkin.

Heimildir: Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skipaskaga- skín á nes og vör", 12. Þorsteinn Jónsson "Hús og býli á Akranesi"

**Bo-061:014** heimild um brunn

"Á árunum 1896-1911 var búíð í litlu timburhúsi, Sjávarborg, sem stóð syðst í Ívarstúni, rétt fyrir ofan Ívarshúsvör. Í kjallara þessa húss var vatnsbólið, brunnur. Húsið stóð uppi fram undir 1940"

Heimildir: Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skipaskaga- skín á nes og vör", 12.

**Bo-061:015** *Skarðsbúð* heimild um bústað

"Halakotssandur var á milli Halakotskletta og Ívarshúskletta. Utarlega á þeim sandi er sker, sem kemur upp úr sjó um fjöru og heitir Valgerðarsker; þá komu klettar, sem kallaðir voru Skarðsbúðarklettar eða Garðhúsaklettar, líklega af því að samnefndir bæir stóður þar fyrir ofan. ... Nafnið Skarðsbúð er þannig til komið að bóndinn á Skarði í Leirársveit átti þarna verbúð. Býlisins er fyrst getið 1785."

Heimildir: Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skipaskaga- skín á nes og vör", 12.

## **Bo-062** **Teigakot (Teigaskarð)**

6 hndr. 1706. "Þar neðar [en Bo-061] voru svo varirnar Ívarshúsvör og Halakotssandur, þar er nú umráðasvæði Sementsverksmiðjunnar og Akraneshafnar. Næst var Efstiteigur, síðar Teigakot og nú síðast Akur við hólinn hæsta, næst Suðurgötu 28." BB II, 391. 1917: 6045 m<sup>2</sup>, túnakort fyrir Akur, því þegar ábúendur fluttu sig um set í Akurhúsið breytti jörðin um nafn.

**Bo-062:001** *Teigakot* bæjarhóll bústaður 64°18.923 N 22°05.173 V

"Bærinn stóð örlítið norðar en þar sem teigurinn fyrir ofan Akur er hæstur." Öll útihús og aðrar byggingar sem fylgdu jörðinni hafa horfið vegna bygginga.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917 (Akur); Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 72.

**Bo-062:002** heimild um bústað

"Tómtúsi heima við bæinn, nú í þrjú ár ..."

Heimildir: JÁM IV, 89.

**Bo-062:003** heimild um bústað

"Tómtúsi annað heima við bæinn á hlaðinu, uppgjört að nýju fyrir 6 árum með leyfi landdrottins."

Heimildir: JÁM IV, 89.

**Bo-062:004** heimild um bústað

"Þriðja tómtús heima við bæinn, sem landsdrottinn á fyrir utan ábúandans leiguhús ..."  
Heimildir: JÁM IV, 89-90.

**Bo-062:005** *Hákonarbúð* heimild um bústað  
"Fjórða tómtús, kallað Hákonarbúð. ... Hyggja menn fyrir 10 eður 11 árum fyrst bygða."  
Heimildir: JÁM IV, 90.

**Bo-062:006** heimild um bústað  
"Fimta tómtús, nýgjört, við Hákonarbúð [005] áfast, sett næst umliðið ár á það gras, sem heimabóndanum var leigt, í óþakklæti við heimabóndann, að forlagi Hákonar Sigurðssonar, sem aldrei hafði fyr búð verið; hún komst aldrei nema í hústóft eina, yfir þá hústóft dró ábúandi sína viðu fyrir einu ári."  
Heimildir: JÁM IV, 90.

**Bo-062:007** *Teigabúð* heimild um verbúð  
1697: [Hákon Sigurðsson, umboðsmaður Elínar Magnúsdóttur eiganda Ívarshúsa og Efstateigs] vildi ei undir skipti leggja, það útrædda pláss upp frá Teigabúðum ..."  
1706: "Vermannabúð, kölluð Teigabúð, er gömul sjómannabúð, sem yfir 40 ár hefur hjer viðhaldist af manni eftir mann, og viðhelst enn nú ..."  
Heimildir: Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness I*, 36; JÁM IV, 90.

**Bo-062:008** heimild um verbúð  
"Önnur vermannabúð, hefur verið yfir 20 ár ..."  
Heimildir: JÁM IV, 91.

**Bo-062:009** heimild um bústað  
"Tómtús er nú eitt ..."  
Heimildir: JÁM IV, 91.

**Bo-062:010** heimild um verbúð  
"Verbúð er enn fyrir fimm árum nýgjör ... Björn átti viðinn og setti búðina á tún það, er Jón Þiðriksson þykist leiga so sem áður."  
Heimildir: JÁM IV, 91.

**Bo-062:011** *Jóns Tómassonar búð* heimild um sjóbúð  
"Enn sjómannabúð, kölluð Jóns Tómassonar búð, gjör fyrir sjö eður átta árum, þar sem aldrei hafði fyr sjóbúð verið."  
Heimildir: JÁM IV, 91.

**Bo-062:012** *Bjarnarbúðir* heimild um verbúð  
"Enn vermannabúðir tvær, þær eru báðar með sama nafni kendar og kallaðar Bjarnabúðir. Sú stærri er bygð á mel, þar sem aldrei hafði fyr hús verið, fyrir 16 eður 17 árum ..."  
Heimildir: JÁM IV, 91.

**Bo-062:013** *Bjarnarbúðir* heimild um verbúð  
"Enn vermannabúðir tvær, þær eru báðar með sama nafni kendar og kallaðar Bjarnabúðir. Sú stærri er bygð á mel, þar sem aldrei hafði fyr hús verið, fyrir 16 eður 17 árum, en sú minni nokkrum árum fyrri."  
Heimildir: JÁM IV, 91.

**Bo-062:014** heimild um vita  
"Við þessa vör [Teigavör] standa ýmis mannvirki, bryggjur, lýsisgeymar og fl. Upp af Teigavör er hæð (Teigur) ... Á þessum teig eða hæð var reistur staur, 20 álna langur, og á hann var sett lugt, sem var 14 línu brennari. Lugtin var dregin upp og niður. Á henni var kveikt, þegar dimma tók. ... Þessi staur stóð þarna, þar til hinn gamli viti var byggður 1912 á Suðurflös." Hár, grasi vaxinn hóll.  
Heimildir: Ö-Akranes, 3.

**Bo-062:015** *Garðhús* heimild um bústað  
"Halakotssandur var á milli Halakotskletta og Ívarshúskletta. Utarlega á þeim sandi er sker, sem kemur upp úr sjó um fjöru og heitir Valgerðarsker; þá komu klettur, sem kallaðir voru Skárðsbúðarklettur eða

Garðhúsaklettur, líklega af því að samnefndir bæir stóður þar fyrir ofan. ... Garðhús var byggt úr Teigakotslandi nálægt þar sem nú er Suðurgata 36. Það var fyrst byggt af Tómasi Zoega 1845 ..." Íbúðarverfi. Húsið sem stendur nú var byggt árið 1947.

Heimildir: Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skipaskaga - skín á nes og vör", 12.

**Bo-062:016** *Halakot* heimild um bústað

"Halakot var byggt á sjávarbakkannum, rétt fyrir neðan Hlið árið 1857. Myndaði Suðurgatan, sem lá þarna framhjá, eins konar hala eða þríhyrning. Halakot var í fyrstu eins og æ síðan líttill bær ... Bærinn var rifinn árið 1934."

Heimildir: Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skipaskaga - skín á nes og vör", 12.

**Bo-062:017** *Akur* heimild um bústað 64°18.868 V 22°05.198 N

"Klettarnir og landið sem verksmiðjan var byggð á [Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan byggð upp úr 1930] var þá í eigu býlisins Akurs, sem stóð þar nokkru ofar." Gata. Túnakort 1917: tún 6045 m<sup>2</sup>. Árið 1883 var Akurhúsið byggt, fjölskyldan flutti í það en leigði Teigakotsbæinn út. Akur var rifinn þegar Akurbraut var lögð.

Heimildir: Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skipaskaga - skín á nes og vör", 13; Túnakort 1917.

**Bo-062:018** *Hjallhús* heimild um bústað

"Rétt fyrir norðan Akur, við Teigavörina, alveg á sjávarbakkannum, var Hjallhús. Það var að stofni til fiskihjallar og byggt 1870 af Jóni halta Sigurðssyni í Melshúsum. Jón Kristjánsson, netagerðamaður, bjó í Hjallhúsinu, síðast árið 1949." Gata.

Heimildir: Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skipaskaga - skín á nes og vör", 13.

**Bo-062:019** *Biskupsbúð* heimild um verbúð/skemmu

3.5.1653: "Item neðanvert austan frá biskupsbúð fyrir ofan túnin og í Sandvík fyrir ofan Lambhús ..." var dregin lína vegna helmingaskipta Skagans. Biskupsbúð hefur samkvæmt þessu skjali verið miðja vegu milli norðurmerkja Skagalandsins og syðsta odda þess.

18.6.1697: "En eftir því sú biskupsbúð, sem skiptabrjefið um getur, er nú ei fyrir sjónum, né sú sjónhending er þaðan vestur ræður í Sandvík, skilmerkilega aðgreind verður, tóku skiptamennirnir fyrir sig lengdina landsins, að mæla báðar síður, og mældist austan fram úr Leirgróf í Björnsbúð hálf þriðja hundrað faðmar, að því plássi, sem biskupsbúð hefur á staðið, eftir sögn þeirra sem lengi hafa til vitað ..."

"... Í Skipaskaga lét [Brynjólfur biskup] byggja stórt og sterkt krosshús."

"Biskupabúð - síðar Björnsbúð - veit nú enginn hvar staðið hefur. Líklega hefur hún verið á Teigakotslandi. Ef til vill rétt fyrir ofan Hjallhús, eða nálægt Teigakoti, því hinar margumtöluðu túnalóðir hafa ekki náð lengra."

Hugsast getur að það sé þetta hús sem getið er um í jarðabók Árna og Páls undir Heimaskaga: "Skiemma var hjer útihus í voru minni og þá höfð fyrir sjómannaþúð. Biskupinn Mag. Brynjólfur ljet hana hjer byggja, og höfðu þeir eð hann vildi; síðan var hún sjómönnum ljeð, þegar biskupsins brúkun af lagðist ... Nú er hún í grunn niður fallin." sbr. 063:004.

Heimildir: Bréfabók Brynjólfs biskups; Biskupasögur Jóns Halldórssonar I, 287-88; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 29, 35, 45; JÁM IV, 93.

**Bo-062:020** *Björnsbúð* heimild um býli/verbúð

18.6.1697: "En eftir því sú biskupsbúð, sem skiptabrjefið um getur, er nú ei fyrir sjónum, né sú sjónhending er þaðan vestur ræður í Sandvík, skilmerkilega aðgreind verður, tóku skiptamennirnir fyrir sig lengdina landsins, að mæla báðar síður, og mældist austan fram úr Leirgróf í Björnsbúð hálf þriðja hundrað faðmar, að því plássi, sem biskupsbúð hefur á staðið, eftir sögn þeirra sem lengi hafa til vitað ..."

"Biskupabúð - síðar Björnsbúð - veit nú enginn hvar staðið hefur. Líklega hefur hún verið á Teigakotslandi. Ef til vill rétt fyrir ofan Hjallhús, eða nálægt Teigakoti, því hinar margumtöluðu túnalóðir hafa ekki náð lengra."

Heimildir: Bréfabók Brynjólfs biskups; Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 29, 35, 45.

**Bo-063** **Heimaskagi**

5 hndr. 1706. "Þar neðar [en Bo-061] voru svo varimar Ívarshúsvör og Halakotssandur, þar er nú umráðasvæði Sementsverksmiðjunnar og Akraneshafnar. Næst var Efstiteigur, síðar Teigakot og nú síðast Akur við hólinn hæsta, næst Suðurgötu 28. Þar neðar var teigavör. Allt er þetta nú horfið undir mannvirki. Þá er Heimaskagi, það var aðalbýlið forna. Þar er nú samnefnt fiskvinnsluhús, þar fram af er svo aðalbryggjan." BB II, 391.

Túnakort vantar.

**Bo-063:001** *Heimaskagi* bæjarhóll bústaður 64°18.769 N 22°05.183 V

"Árið 1874 byggði Árni steinhús í Heimaskaga, 11x7 álnir. Var það með skífupaki. Kjallari var undir nokkrum

hluta hússins." "Gamla húsið í Heimaskaga reif Jón árið 1905, en byggði þar þess í stað stórt og vandað timburhús, óvanalega laglegt og íburðamikilið á þeim tímum [rifið 1944]."  
Verksmiðjuhverfi. Íbúðarhúsið á Heimaskaga stóð við suðausturhorn fiskverksmiðjunnar. Öll útihús, uppsátur og lendar eru horfnar vegna bygginga.

Hættumat: hætta

Heimildir: Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I, 80, 84.; loftljósmynd frá 1938.

Útihús stóð um 12 m sunnan við bæinn. Þar er enn tóft.  
Hættumat: engin hætta  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-074:008** heimild um sel 64°20.360 N 22°00.941 V  
"Æðaroddaholtin eru í tveim samliggjandi röðum. Eftir þeim efri liggur þjóðvegurinn. Austur af  
Æðarholtunum, rétt ofan við veginn, eru nokkuð stór holt sem heita Höfðaselsholt. Þau ná inn að Berjadalsá.  
Við þau var sel frá Elínarhöfða." segir í örnefnalýsingu. Höfðaselsholt eru í landi Garða. Þau ná frá því  
á móts við malarvinnslustöð Þorgeirs og Helga og inn að Berjadalsá. Innri hluti holtanna hefur verið tekinn  
í grjótnám og gamlir öskuhaugar, nú yfirgrónir, eru norðanmeð holtunum, austantil. Mikið rask er í kringum  
holtin, einkum norðanmegin. Hvergi sér til tófta kringum holtin og hafi selið staðið nálægt Berjadalsá, sem  
sennilegt er því lítið virðist um önnur vatnsból á þessu svæði, þá eru leifar þeirra sennilega horfnar vegna  
grjótnáms eða annars rasks. Blautir flóar hafa verið kringum holtin, einkanlega sunnan við þau en  
meira mólendi að norðan, milli þeirra og Æðaroddaholtanna.  
Heimild: Ö-Garðar, 3.


**Bo-074:009** heimild um hústóft Staðsetning óviss  
Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Þrætumói heitir örnefni hjer í millum [Kalmannsvík] og Elenarhöfða.  
Þar ljetu Elenarhöfðaeigendur hústóft gjöra fyrir 60 árum, aaldrei komst þar byggð á, og deila Elenarhöfða  
eigendur við staðarhaldarann um rjett sinn til þessa örnefnis." Ekki sjást merki um þessa tóft nú, en mögulegt  
er að hún hafi verið á svipuðum stað og Haushús voru síðar.  
Heimild: JÁM IV, 107.

**Bo-074:010** [Elínarhöfðahjáleiga] heimild um býli Staðsetning óviss  
"Hjáleiga hefur hjer ein verið so menn minnst, byggð í manna minni, en eyðilögð aftur fyrir 8 árum.  
Það var kallað fjórðungur jarðar." Ekki er ljóst hvar þessi hjáleiga hefur verið í landareigninni.  
(Höfundar BB, teka það upp hjá sjálfum sér að kalla hjáleiguna þessu nafni, hún er ekki nefnd svo  
í jarðabókum og því er nafnið haft í hornklofa.)  
Heimild: JÁM IV, 108.

**Bo-074:011** bústaður Staðsetning óviss  
"Tómthús hefur hjer eitt verið, byggt í manna minni, og af fallið fyrir 9 árum." Ekki er ljóst hvar þetta tómthús hefur staðið í landareigninni.  
Heimild: JÁM IV, 109.

**Bo-074:012** Hausthús/Skúti bæjarstaði bústaður  
64°19.695 N 22°03.888 V  
1920: 9851 m<sup>2</sup>, garðar 937 m<sup>2</sup>. "Hausthús eða Skúti nefnist húsmennskubýli eða tómthús í landi Elínarhöfða. Var búskapur þar lengstum líftill. Í Hausthúsum var fólk a.m.k. 1878-1964, en frá því fyrir 1940 var þar enginn búskapur. Hausthús voru rétt við sjávarbakkann austur af Kalmansvík, fram undir klettum."  
Hér standa grasi vaxnar tóftir í gömlu túni, hér hefur ekkert rask verið gert.

Hættumat: engin hætta.  
Heimild: BB II, 369; Túnakort 1920.



**Bo-074:013** Höfðavík heimild um bústað  
64°19.976 N 22°03.480 V  
"Höfðavík hét húsmennskubýli í landi Elínarhöfða, þar var búið á árunum 1889-1914. ... Bærinn í Höfðavík stóð suðaustur af Elínarhöfða, upp af víkinni utan við Bakkabæ." Gróðurlítil flati út að víkinni. Engar tóftir sjást, en glyttir í steina hér og þar í sverðinum. Það gætu verið leifar Höfðavíkurhúsa.  
Heimild: BB II, 369.  
Hættumat: hætta vegna útivistar

**Bo-074:014** Elínarleiði þjóðsaga um legstað  
"Nokkuð ofar [en hæst er á höfðanum ?] er Elínarleiði, þar er sagt að sé grafin full kista af spesíum."  
Staðsetning óviss.  
Heimild: Ö-Elínarhöfði

**Bo-074:015** gvendarbrunnur þjóðsaga um vatnsból 53°19.894 N 22°03.598 V  
"... vígði hann [Guðmundur góði] Lind, sem er útaf Elínarsæti [hæst á Elínarhöfða]. Hafði vatn úr henni lækningarmátt, þó ekki nema það væri tekið að morgni dags, áður en hrafn flygi yfir það." Lindin sjálf sést nú ekki lengur.  
Heimild: Ö-Elínarhöfði

**Bo-074:016** Hvítasteinsholt heimild um áfangastað 64°19.807 N 22°02.906 V  
"Ofan við veginn er holt, sem heitir Hvítasteinsholt, það var fyrsti áningarstaðuri á leið hédan út á Skaga inn á fjöru." segir í örnefnalýsingu. Gamli þjóðvegurinn (framhald Þjóðbrautar) liggur þétt norðvestan með holtinu og er hesthús byggt á milli vegarins og eystri holtendans. Sunnan við holtið er líftill steypdur húsgrunnur, sem gæti verið sumarbústaðurinn sem getið er um í annari lýsingu að eigi að vera við Hvítasteinsholt. Holtið hefst um 100 m NA við gatnamót nýja þjóðvegarins og Þjóðbrautar, það er um 60 m langt, 20 m breitt og 1-2 m hátt.  
Heimild: Ö-Elínarhöfði.

**Bo-074:017** Vígsskörð þjóðsaga 64°19.952 N 22°03.956 V  
Meðfram Elínarhöfða að vestan eru klettur sem heita Höfðaklettur, "innan við klettana eru skörð sem heita Vígsskörð. Þar stóð Guðmundur góði og vígði ströndina fyrir sjóslysum".  
Heimild: Ö-Elínarhöfði.

**Bo-074:018** Elínarsæti þjóðsaga 63°19.908 N 22°03.620 V  
Í örnefnalýsingu segir: "Hæst á höfðanum heitir Elínarsæti; þar sat Elín og talaði við Höllu systur sína, sem sat á Höllubjargi við Straumfjörð." Upp á Elínarhöfða er hnúður eða þúfa sem er líklega sæti Elínar. Þaðan blasir sjórinn við og í fjarska sér til fjalla á Snæfellsnesi.  
Heimild: Ö-Elínarhöfði.



*Innrauð loftmynd af Elínarhöfða og Höfðavík.*


*Neðst á myndinni má sjá tóftir Bakkavíkur en ofar eru leifar bæjarins í Elínarhöfða.*

## **Bo-075      Bakkabær**

"Bakkabær var eitt af býlum úr landi Elínarhöfða. Mun nafn þetta fyrst vera skráð í bækur um 1830. Sérstakt mat var ekki á Bakkabæ á fyrri árum byggðar þar. Bærinn var suðaustur af bænum á Elínarhöfða, upp af Höfðavíkinni, milli bæjanna Miðvogs og Höfðavíkur. Búið var í Bakkabæ nokkuð samfellt til 1947." Heimild: BB II, 395.      1920: 13107 m<sup>2</sup>, garðar 827 m<sup>2</sup>, 1/3 þýft.



**Bo-075:001** bæjarhóll bústaður  
 64°19,925 N 22°03.355 V  
 Bærinn stóð suðaustan megin við Höfðavík, um 20 m. frá sjávarbakka og sjást rústir hans greinilega. Þar er landið grasi gróið og þýft.  
 Hættumat: engin hætta  
 Heimild: Túnakort 1920.




**Bo-075:002** tóft af útihúsi 64°19.911 N 22°03.419 V  
 Stendur fast við bæjarhúsin, sjá 001  
 Hættumat: engin hætta  
 Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-075:003** tóft af útihúsi  
 64°19,908 N 22°03.396 V  
 Stendur fast við bæjarhúsin, sjá 001.  
 Hættumat: engin hætta  
 Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-075:004** heimild um útihús 64°19.935 N 22°03.359 V  
 Um 20 m frá bænum, í norðvesturhorni túnsins, yst við túnjaðarinn hjá sjávarbakkanum. Sléttur grasi vaxinn harðvöllur, með skurð vestan við og sjávarbakka norðan.  
 Heimild: Túnakort 1920.


**Bo-075:005** tóft af útihúsi  
 64°19,901 N 22°03.201 V  
 Gengið í austur, um 100 metra frá bænum.  
 Tóftin stendur upp á grænum, flötum og aflöngum hól í flóa austan bæjarhúsa.  
 Hættumat: hætta vegna rofs  
 Heimild: Túnakort 1920.



**Bo-075:006** tóft 64°19.900 N 22°03.334 V  
 Upp á grasi vöxnu klapparholti, sem stendur austan við Höfðavík. Traðir liggja fast austan að tófinni, en norðan hennar hefur landið verið að brotna af völdum sjávangangs. Tóftin er 5 metrar á hvorn veg og veggir standa grónir og eru um 0,60 m háir.  
 Hættumat: hætta vegna rofs.

**Bo-075:007** túngarður 64°19.911 N 22°03.298 V  
 Garðurinn liggur frá norðausturhorni Bakkabæjar, og austan klapparholtsins sem liggur með sjónum. Heðslur standa grónar.  
 Hættumat: hætta vegna útivistar

**Bo-075:008** traðir 64°19.911 N 22°03.298 V  
 Á milli túngarðsins og klapparholtsins sem liggur með sjónum norðan við bæinn hafa verið traðir. Vottar fyrir grjóti í botni þeirra. Túngarðurinn sem liggur frá norðausturhorni Bakkabæjar, og austan klapparholtsins svegir síðan til austurs, og traðirnar verða þar óleggri.  
 Hættumat: hætta vegna útivistar



## **Bo-076 Miðvogur**


8 hndr. 1706, afbýli úr landi Innsta-Vogs. Í eyði frá 1948.  
 1920: 28513 m<sup>2</sup>. garðar 1303 m<sup>2</sup>, 3/4 þýft. Tún Miðvogs liggur vestan og sunnan vogsins inn að merkjum við Miðvogslæk. Túnið virðist lítið hafa verið unnið í seinni tíð, en austurhluti þess hefur verið

tekinn undir lítilsháttar skógrækt og hundapjálfunarsvæði.

**Bo-076:001** Miðvogur bæjarhóll bústaður 64°19.960 N 22°03.097 V  
"Miðvogsbærinn stóð austur frá Elínarhöfða við samnefndan vog, sem gengur inn úr Höfðavík."  
Bærinn stóð vestan við voginn. Bærinn stóð á háum náttúrulegum hól. Hér eru núna leifar af steypnum grunnum húsa frá miðri öldinni.  
Hættumat: hætta vegna útivistar  
Heimild: Túnakort 1920; BB II, 397.

**Bo-076:002** heimild um útihús 64°19.946 N 22°03.051 V  
Húsið stóð við SA horn bæjarins. Nú er þar steypur húsgrunnur. Þessi grunnur er djúpur og eins víst að ef hér hafa staðið eldri hús, þá er mikið af þeim farið.  
Hættumat: hætta vegna útivistar  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-076:003** heimild um útihús 64°19.928 N 22°02.973 V  
Samkvæmt túnakorti stóð útihús í túninu um 80 m austan við bæinn.  
Hættumat: hætta vegna útivistar  
Heimild: Túnakort 1920.



**Bo-076:004** tóft af útihúsi  
64°19.985 N 22°03.151 V  
Samkvæmt túnakorti stóð útihús um 60 m norðvestan við bæinn, niður við sjávarbakka. Þar er enn tóft, yst á bakkanum og hefur brotið af að mestu. Landið er grasi vaxið en rof er í bakkanum.  
Hættumat: Mikil hætta vegna rofs  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-076:005** heimild um útihús 64°19.980 N 22°02.795 V  
Um 220m ASA frá bænum, við norðaustanverðan botn vogsins, 20 m frá læk og 40 m frá ósi lækjarins. Stóð í túni, nú er landið þýft og þar er hafin lítilsháttar skógrækt.  
Hættumat: hætta vegna útivistar  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-076:006** heimild um bústað, staðsetning óviss.  
"Húsið viðkemur heimabónða, og í því skini er hjer sjómenn til húsa, þeir sem hann fær á skip sitt, þá stund árs, sem hann fær við komið að fljóta. Við til hússins leggur tómt hússmaðurinn."  
Heimild: JÁM IV, 109-110.

**Bo-076:007** Ferðamannaós heimild um vað 64°19.957 N 22°02.678 V  
"Neðan við túnið í Miðvogi var Ferðamannaós, og Miðvogslækur var á merkjum að innanverðu upp að vaðinu við holtendann. Vaðið þar hét ekki neitt, en holtið hét Vaðsholt." Steinsteyp brú gamla þjóðvegarins stendur 15 m austan við vaðið.  
Heimild: Ö-Miðvogur

**Bo-076:008** Höfðastekkur heimild um stekki 64°19.746 N 22°03.197 V  
"Fyrir ofan veg er Hvítsteinaholt; þar er sumarbústaður nú. Þetta holt er beint niður undan Einbúa, sem er utan við lækinn. Hofðastekkur var út af Hvítsteinaholti, utan við brúna á læknum." segir í örnefnalýsingu. Örnefnið Stekkjarholt er merkt á kortum og kemur heim við þessa lýsingu að öðru leyti en því að lækinn og brúna vantar nú. Stekkjarholtið er lágt holt um 300 m S af bænum Elínarhöfða og er í Elínarhöfðalandi, um 100 m V af Hvítasteinsholti (B0-074:016). Engin stekkjartóft er sýnileg nálægt holtinu. Lágt holt með nberum klöppum og móa á milli. Í kring hefur verið blautur flói, nú framræstur. Skurðir hafa verið grafnir meðfram holtinu NA-megin og gæti stekkjartóftin hafa lent í þeim.  
Heimild: Ö-Miðvogur

**Bo-076:009** Eyðikot bæjarstæði býli Staðsetning óþekkt  
"1804 segir hér frá eyðihjáleigu, Eyðikoti, er liggi í engjunum."  
fundust ekki við skráningu. Leifar þessarar hjáleigu  
Heimild: Johnsen, 109.

**Bo-076:010** Þjóðsaga um huldufólksbústað 64°19.970 N 22°03.255 V  
"Álfakirkja var ... í sjávarhömrnum í Miðvogslandi ..." Norðvestan við bæinn eru þverhniptir  
sjávarhamrar, þar hefur kirkjan væntanlega átt að vera.  
Heimild: Jón Böðvarsson: Akranes. Frá landnámi til 1885, 83.

### **Bo-077 Innstivogur**

16 hndr 1706. "Bærinn er á ströndinni norðaustur frá Akranesskauðstað, en vestan við Innvogues,  
sem gengur norðaustur frá ströndinni, og verður Blautós þar milli ness og lands." BB II, 396.  
1920: 32504 m2. garðar 737 m2, 1/4 þýft.

**Bo-077:001** bæjarhóll bústaður 64°20.245 N 22°02.586 V



*Bæjarhóllinn í Innstavogi er í mikilli hættu vegna sjávangangs.*

Bæjarhóllinn er um 140 m norðan við núv. íb.hús, stendur á sjávarbakkanum. Hólkollur sem stendur út í sjóinn og brýtur af honum norðan og vestan megin. Síðustu byggingar á hólnum hafa verið rifnar og kollurinn sléttaður, þegar bærinn var fluttur ofar í landið. Þessi hóll er í stórhættu og sér í öskuhaug suðvestan í honum í rofi og hleðslur.

Hættumat: Mikil hætta vegna sjávangangs  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-077:002** heimild um útihús 64°20.246 N 22°02.337 V  
Um 80 m austan við núv. íb.hús, 3 m norðvestan við skurð sem liggur frá heimreið og norðaustur. Í túni.

Hættumat: hætta vegna útivistar.  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-077:003** heimild um útihús 64°20.178 N 22°02.519 V  
Undir og við vesturhorn núv. íb.húss. Undir húshorni, í garði og undir heimreið.

*Fornleifar á Akranesi*

Hættumat: hætta vegna útivistar.  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-077:004** heimild um útihús 64°20.166 N 22°02.533 V

Á milli íb. húss og skemmu. Undir heimreið.  
Hættumat: hætta vegna útivistar.  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-077:005** heimild um útihús 64°20.208 N 22°02.6702 V

Um 120 m vestur frá núv. íb.húsi. Hér stendur gamalt steinsteypt útihús sem er að hruni komið, það stendur á lágum grasivöxnum hól. Sjávarbakkinn er 10 norðvestan við staðinn.  
Hættumat: hætta vegna útivistar.  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-077:006** heimild um útihús 64°20.209 N 22°02.610 V

Um 100 m norðvestan núv. íb.húss, 7 metra frá sjávarbakka ofan við lendinguna [011]. Grasi vaxinn jarðvegur, harðvöllur, þakinn fjörugrjóti, enda gengur sjór á landi í stórviðrum. Ekki ljóst hvort um hús eða garð er að ræða í þessu tilfalli.  
Hættumat: Mikil hætta vegna sjávargangs  
Heimild: Túnakort 1920.

**Bo-077:007** [Innstavogskot] bæjarstæði býli 64°20.018 N 22°02.859 V

"Eyðikot er hjer nú kallað, þar hefur í voru minni bygð verið, hjáleiga hjer af þessari jörðu. Nær hún hafi í fyrstu bygst, muna menn ekki, en yfir 30 ár hefur hún í auðn verið." "Kotið var á bakkanum út við Miðvogsós." Þetta erum 360 m VSV frá bænum. Hér er nýlegur garður með veggjum hlöðnum úr torfi. Rítarar BB taka upp á því að nefna kotið Innstavogskot upp á sitt einsdæmi.  
Hættumat: hætta vegna útivistar.  
Heimild: JÁM IV, 111; BB II, 397.

**Bo-077:008** Efribær bæjarstæði býli 64°20.114 N 22°02.579 V

"Rétt fyrir utan húsið, sem er nú er Bæjarholt. Þar var svonefndur Efribær." Holt er um 40 suðvestan við bæinn. Hér er lágt holt í miðju túni, en engar tóftir sjáanlegar.  
Hættumat: hætta vegna útivistar.  
Heimild: Ö-Innstivogur, 1.

**Bo-077:009** Mónes mógrafir 64°20.481 N 22°02.063 V

Í örnefnalýsingu segir: "Mikil mótekja var hér í nesi, sem heitir Mónes, og undir enda holtsrana, er gengur vestur frá bæ, var flatlendi nefnt Grafarnes. Mikill mór var fluttur út á Skaga." Mónes er á vestanverðu Innstavogsnesi. Þar er landið flatt, þýft, og margar stórar grafir. Svæðið er um 30 m A-V, en 150 m S-V.

Hættumat: hætta vegna útivistar.  
Heimild: Ö-Innstivogur, 2.


**Bo-077:010** Úlfusel rétt 64°20.887 N 22°01.862 V

"Norðvestan á nesinu var fjárrétt, sem Guðmundur Gunnarsson kallaði Úlfusel; hún er að fara í sjó."

Réttin stendur á tå sem gengur norðaustur út úr nesinu. Táin er flöt, rofabörð eru hér og þar í bakkanum og sjórinn gengur yfir minjarnar í stórviðrum. Allar hleðslur í réttinni eru úr fjörugrjóti, meðalstórum hnullungum. Réttarveggirnir eru allir hrundir, og er réttin verst farin norðanmegin, en víða sést í beina og vandaða hleðslu.

Hættumat: mikil hætta vegna sjávarrofs.

Heimild: Ö-Innstivogur, 2.



**Bo-077:011** heimild um landingu  
64°20.226 N 22°02.631 V


"Þegar siglt var inn á landinguna í Innstavogi, var farið milli tveggja blindskerja, sem heita Brúnkollur. Miðað milli þeirra var Berjadalsgljúfur um Miðvogshólma." Hér er aflíðandi fjara, sendin og með malargrjóti.

Heimild: Ö-Innstivogur, 2.

**Bo-077:012** tóft 64°20.571 N  
22°02.041 V

Á Innstavogsnesi, sem liggur vestan Blautóss. Tóftin er vestan í klapparholti sem skilur Mónesið frá Innstavogsnesi. Þar er þýft mólendi og mikið mótekjusvæði um 10 m vestan við tóftina. Tóftin er aflöng, um 7 m á lengd og 4 m á breidd. Hleðsluhæð er um 0,5 m. Hleðslur standa grónar. Veggir tóftarinnar eru fremur óreglulegir, en þetta er þó ljóslega mannvirki og minnr lega hennar og gerð á stekki umfram allt.

Hættumat: hætta vegna útivistar



**Bo-077:013** vegur 64°20.543 N

Austan við holtið sem skilur Mónes frá Innstavogsnesi. Garðlagið liggur frá holtinu og í austur og langleiðina að Blautósi. Vegurinn liggur í þýfðu mólendi, austurnendinn liggur um 10 frá botni Blautóssins. Garðlagið er mjög gengið í sundur í þýfi.

Hættumat: Hætta vegna útivistar

**Bo-077:014** brú 64°20.330 N 22°02.408 V

Austan í holtstrana sem gengur í norður frá gamla bænum. Í holti, þar sem eru berar klappir og grónir blettir á milli. Frá veginum liggur leiðin líklega ögn neðan við holtið og sést ekki á kafla. Síðan má rekja slóðina eina 240 m í holtinu og í vestur þá er þar brú í holtinu, fyrsta hleðslan eitt umfar af steinum. Brúin er alls 26 m á lengd, í 2 köflum, 11 og 10 m með klöpp á milli.

Hættumat: Hætta vegna útivistar

**Bo-077:015** tóft 64°20.318 N 22°02.521 V

Upp á holti sem liggur með ströndinni norðan við gamla bæinn. Um 10 sunnan við túngirðingu. Gamli túngarðurinn liggur norðan og austan við holtið, um 40 m frá. Tóftin stendur á NV brún holtisins og

"hengiflug" þar fram af. Tóftin virðist blásin ofan í grjót. Hleðslugrjót sést í öllum veggjum, en tóftin er nánast afmáð. Hún lítur út fyrir að hafa verið aflöng, um 7 m á lengd og 3 m á breidd.

Hættumat: hætta vegna útivistar.

**Bo-077:016** túngarður

64°20.284 N 22°02.449 V

Túnið í Innstavogi lá í totu neðst í norðvestanverðu landinu. Þar sér enn túngarð, 5-10 m austan við holtið sem liggur norður með ströndinni. Hægt er að rekja túngarðinn frá bæjarhólnum (001) og norður að túnenda, og þá sveigir hann um 14 m til austurs og endar þar við skurð sem liggur þvert á hann. Túnið er enn fremur slétt, en utan þess og upp að klöppunum nær sjónum er krakapýfi. Þar sem túngarðurinn gengur næst ströndinni er rof í hann, 11 m langt, og víða er hann hlaupinn í þúfur. Hleðslur garðsins standa grónar.

Hættumat: hætta, rof vegna sjávargangs

Heimild: Túnakort 1920.



*Garðlag í Klömbrum, utan við Innstavogsnes*

**Bo-077:017** garðlag

Í Klömbrum, litlu, grasi vöxnu skeri utan við Innstavogsnes er garðlag. Það liggur langsum eftir skerinu og virðast liggja frá því þvergarðar einnig. Ekki er ljóst hvert hefur verið hlutverk þessara mannvirkja. Þessar fornleifar voru ekki skoðaðar við skráningu, enda aðkoma erfið. Hins vegar voru þær myndaðar úr lofti með innrauðri tækni, sbr. meðf. ljósmynd.

Hættumat: hætta vegna rofs.

**Bo-080 Grund**

Johnsen segir sýslumann meta Grund að 15 hndr.

Túnakort ekki til

**Bo-080:001** Grund bæjarhóll

bústaður

64°18.939 N 22°05.464

V

"Grund, fyrst byggt af Halldóri Halldórssyni hr.stj. (Litla Grund byggð af Guðbjarna Bjarnasyni.) Grundarhúsin gömlu standa nú við Vesturgötu 113B og Presthúsabraut 27, en jarðarstæðið var við Vesturgötu 41-47." Hér standa þrjú steinhús, hlið við hlið.

54

*Fornleifar á Akranesi*

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur;

**Bo-080:002** *Litla-Grund* bæjarstæði býli

"Grund, fyrst byggt af Halldóri Halldórssyni hr.stj. (Litla Grund byggð af Guðbjarna Bjarnasyni.) Grundarhúsin gömlu standa nú við Vesturgötu 113B og Presthúsabraut 27, en jarðarstæðið var við Vesturgötu 41-47."

Heimildir: Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur;

### **Bo-081 Bakki**

Johnsen segir sýslumann meta Bakka að 3. hndr.

1917: 17235 m<sup>2</sup>, garðar 1557 m<sup>2</sup>, sléttað.

**Bo-081:001** *Bakki* bæjarhóll bústaður 64°18.997 N 22°05.718 V

"Bakki, fyrst getið 1801 og heitir þá Fagriflötur, byggður af Bjarna Jónssyni ... Eftir 1813 nefnt Bakki. 1872 byggir Jóhannes Jónsson snikkari þar timburhús. 1922 rífur Einar Ingjaldsson það og byggir þar timburhús sem stendur við Bakkatún 22." Íbúðahverfi. Hér stendur hús, með kjallara, á horni Krókatúns og Bakkatúns.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur

**Bo-081:002** heimild um útihús

Stóð um 40 m NV við bæinn . Hér er steipt gata (Krókatún).

Heimildir: Túnakort 1917

### **Bo-082 Brekkubær**

Frá um 1800. 1917: 13796 m<sup>2</sup>, garðar 1716 m<sup>2</sup>.

**Bo-082:001** *Brekkubær* bæjarhóll bústaður

"Brekkubær, byggður fyrst 1800, þá kallaður Fagrabrekka, 1907 byggði Þórður Jónsson gullsm. þar timburhús, sem var rífið fyrir allmörgum árum og stóð á lóð Barnaskólans."

Heimildir: Túnakort 1917; Þorsteinn Jónsson: "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi fyrri hluti" 2 þáttur.

**Bo-082:002** heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1917.

**Bo-082:003** heimild um útihús

Heimildir: Túnakort 1917.

## **6. Kafli Fornleifar og byggð**

### *Bæjarhólar og bæjarstæði*

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás og öskuhaugum, og geta orðið allt á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langmikilvægustu minjastaðirnir, en jafnframt þeir sem einna verst hafa orðið úti í uppbyggingu á landbúnaði á þessari öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað

og bæirnir hafa staðið um aldir, og þar sem kjallarar eru niðurgrafnir geta minjarnar í hólnum gereyðilagst.

Nokkrir gamlir bæjarhólar eru á Akranesi og allir skemmdir að einhverju leyti. Á bæjarhólnum í Görðum stendur hlaðið steinhús frá lokum 19. aldar og turnbygging frá miðri 20. öld, akvegur liggur utan í honum norðanverðum og grafir hafa verið teknar í hann að austan og sunnan. Enn eru bæjarhólaleifar í útjaðri þéttbýlinsins, þ.e. á Sólmundarhöfða, í Presthúsum, Kalmansvík, Miðvogi og Innstavogi, en litlar líkur til að miklar leifar séu eftir af þeim bæjum sem stóðu niður á Skaga. Bæjarhólar í landi Heimaskaga eru flestir ef ekki allir horfnir. Neðst á Skaganum er jarðvegsmyndun lítil, en landrof töluvert og oft hefur orðið tjón í óveðrum af völdum sjávangangs. Hvergi vottar fyrir leifum bæjarhóla þar sem stóðu ystu bæirnir, þ.e. Breið, Bræða- og Sýrupartar og þar sem Heimaskagi stóð er nú frystihús. Leifar flestra annarra bæja hafa horfið við gagnagerð eða húsbyggingar í kaupstaðnum. Leifar Bakka og Akurs lentu í götustæði, en nú standa hús þar sem voru Teigabæir, Brekkubær og aðrir bústaðir frá síðari tímum. Enn gætu verið einhverjar leifar Ívarshúsa á auðri lóð við Mánabraut þó þar hafi staðið hús fyrr á öldinni. Sömu sögu er að segja um Lambhús, en leifar þeirra gæti verið að finna beggja vegna Bárugötu þar sem hún endar við Vesturgötu.

### *Útihús, tún og garðar*

Útihús eru gjarnan langstærst minjaflokkurinn á hverju svæði, en þau eru víðast horfin, hafa verið sléttuð undir tún eða horfið undir nýrri byggingar. Á Akranesi eru skráð alls 49 útihús, en útihúsatóftir sýnilegar á 11 stöðum.

Sýnilegar túngarðsleifar eru í Innstavogi og hjá Bakkabæ, en lítið er um önnur varðveitt garðlög þrátt fyrir öflugum kartöflurækt Akurnesinga. Við Háteig sáust hér áður grjótgardar sem taldir voru leifar kartöflugarða Sigurðar Lynge, en hann er sagður hafa fyrstu manna ræktað kartöflur á Akranesi.

Þó að tún séu ekki mannvirki í venjulegum skilningi eru þau þó til orðin af mannavöldum og með aðferðum lífefnafræði og fornvistfræði má fá gömul tún til að gefa vísbendingar um sögu jarðræktar. Langflest heimatún á Íslandi eru enn í fullri notkun og hafa verið sléttuð margsinnis með stórvirkum vinnuvélum og á þau hefur verið borinn ólífrænn áburður um árabil. Tún sem orðið hafa fyrir slíku hnjaski henta verr til rannsóknar og því er mikilsvert ef hægt er að finna tún sem eru að mestu ósnert af tækni 20. aldar. Öll



tún á Niðurskaga eru nú horfin undir byggingar, en minnst röskuðu túnin eru við bæina við sunnanverðan Blautós.

#### *Stekkir og kvíar*

Engar kvíar eru í Akranesskrá, en 5 stekkir. Af þeim er aðeins einn sýnilegur, n.t.t. á Innstavogsnesi.

#### *Beitarhús og sel*

Engin beitarhús eru á skrá á Akranesi, en sel frá Elínarhöfða mun hafa verið við Höfðaselsholt hjá Berjadalsá. Þar hefur verið grjótnám og sorphaugar síðustu áratugi en engar leifar selsins sýnilegar. Úlfusel er nafn á rústum innarlega í landi Innstavogs og bendir nafnið til að þar hafi verið selstaða fyrrum, en síðar hefur staðurinn verið notaður sem rétt. Áður var sel frá Görðum í Garðaseli, svo sem nafnið bendir til, en á síðustu öld var það búseta árið um kring, allt fram til 1914.

#### *Mógrafir*

Óvíða á landinu er jafndjúp mýri og á Akranesi. Mógrafaskarð heitir við Leirgróf sem var í landi Heimaskaga, og í Mónesi sem er á vestanverðu Innstavogsnesi var mikil mótekja. Í landi Garða höfðu verið mógrafir þar sem áður var mýri á svæðinu frá Kampi og upp að klöppunum þar fyrir ofan – þar sem nú stendur m.a. íþróttahúsið. Reyndar var samfellt mógrafasvæði þar fyrir ofan bæinn, á milli Jaðars og Presthúsa.

#### *Kuml og kirkjugarðar*

Ekki er kunnugt um neinn kumlfund í landi Akraneskaupstaðar, og eru kuml reyndar lítt þekkt í þessum landsfjórðungi. Eini kirkjugarðurinn á Akranesi er sá sem enn er í notkun í Görðum. Mannabein munu að vísu hafa komið fram í lóð við Sandgerði fyrir nokkrum árum. Við nánari athugun kom í ljós að jarðvegurinn í lóðinni var að hluta fylling og efnið kom úr Garðakirkjugarði, þegar turnhúsið var byggt. Höfðu þá mannabein fylgt moldinni og borist þessa óvenjulegu leið.

#### *Leiðir*

Þjóðleiðin lá að mestu um fjöru og klapparholt á norðanverðu nesinu. Enn má sjá

upphlaðna vegkanta og brýr við Blautós.

### *Verminjar*

Samkvæmt rituðum heimildum er kunnugt um a.m.k. 28 staði þar sem verbúðir hafa staðið á Akranesi. Engar minjar um þennan merka þátt í sögu búsetunnar á Akranesi eru nú varðveittar, enda stóðu þessi mannvirki flest neðst á Skaganum, þar sem atvinnustarfsemi og þéttbýli hafa verið hvað mest.

### *7. Kafli. Tillögur: Verndun, kynning og rannsóknir*

Á stöðum sem Akranesi þar sem mikil atvinnuuppbygging og þéttbýlismyndun hefur átt sér stað er jafnan svo að flestar fornleifar hafa orðið að víkja. Svo er um nær allar minjar í kaupstaðnum þar sem byggðin er mest, en í útjaðri hennar er enn að finna minjastaði í misgóðu ástandi. Á grundvelli fornleifaskráningar eru hér með lagðar fram nokkrar tillögur um verndun, kynningu og rannsóknir á fornleifum í landi Akraness:

- *Stefnumótun.* Akraneskaupstaður, sem og flest önnur bæjarfélög á landinu, hefur enga stefnu í minjavernd. Hafa bæjaryfirvöld til þessa ekki tekið frumkvæði um verndun einstakra staða, enda óhægt um vik þar eð upplýsingar um fjölda, legu og ástand minja hafa ekki legið fyrir. Nú er ljóst að á Akranesi eru brýn verkefni á því sviði. Bæjarhólarnir í Presthúsum og Innstavogi eru í stórhættu af völdum landbrots við ströndina og gera þarf ráðstafanir til að hefta landbrotið á þessum stöðum. Á nokkrum stöðum hafa átt sér stað slys þar sem minjar hafa verið eyðilagðar eða verið raskað af vangá. Höfðasel hvarf í grjótnám við Berjadalsá og bæjarhólnum í Kalmansvík hefur verið raskað í fegurðarskyni. Á grundvelli fornleifaskráningarstarfsins sem nú er unnið væri ákjósanlegt að yfirvöld móti stefnu sem tæki mið af áhuga og óskum Akurnesinga um varðveislu, hagnýtingu og rannsóknir minja í bæjarlandinu. Það væri mikilvægt skref í þá átt að tryggja að hinar ýmsu stofnanir og embætti bæjarfélagsins, s.s. byggðasafn, bygginga- og skipulagsfulltrúi, garðyrkjustjóri, ferðamálafulltrúi og menningarmálanefnd hefðu skilgreind hlutverk á þessu sviði og virkar boðleiðir sín á milli. Það er einnig hagur Akraneskaupstaðar að huga að fornleifum í nágrennasveitarfélögum. Allir minjastaðir í nágrennabyggðum sem kunna að hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn munu stuðla að uppbyggingu ferðaþjónustu á Akranesi.

Er heillavænlegast að gera stefnumótun í fornleifamálum að einu af undirmarkmiðum við aðalskipulagsvinnu.

- *Friðlýsing.* Í íslenskri fornleifavernd tíðkast tvö stig friðunar: a) friðlýsing á völdum stöðum á vegum embættis þjóðminjavarðar, og b) almenn friðun, þ.e. samkvæmt þjóðminjalögum eru allar fornleifar friðaðar og þarf ekki þinglýsta friðlýsingu til. Á friðlýsingaskrá þjóðminjavörslunnar eru rúmlega 700 minjastaðir á landinu öllu, og er það um 0,5 % af öllum íslenskum minjastöðum. Engar fornleifar hafa verið friðlýstar á Akranesi til þessa, en æskilegt væri að friða sérstaklega helstu minjastaðina í bæjarlandinu. Hér mælt með friðlýsingu bæjarleifa Presthúsa, Kalmansvíkur, Skúta, Elínarhöfða, Bakkabæjar, Miðvogs og Innstavogs, ásamt útihúsum, garðlögum og hinni gömlu þjóðleið. Þetta svæði myndar eina heild þar sem nálega engar nýbyggingar er að finna og samkvæmt fyrirbyggjandi skipulagstillögum er ráðgert að þarna verði útivistarsvæði. Að auki er óvenjulegt að enn megi finna jafn stórt og samfellt og næsta óraskað minjasvæði innan kaupstaðarmarka á Íslandi.
- *Friðun.* Hér er mælt með að Akraneskaupstaður geri ráð fyrir að leggja sérstaka áherslu á almenna verndun annarra minja innan lögsögu sinnar og miði alla skipulagsgerð að því. Allar verminjar við sjávarsíðuna eru væntanlega horfnar og nær allar minjar um upphafssögu þéttbýlisins einnig. Engu að síður er mikilvægt að tekið verði sérstakt tillit til þeirra staða þar sem elstu bæir, bústaðir og búðir stóðu þegar unnið er að framkvæmdum í bænum sem hafa jarðrask í för með sér. Einn stórfenglegasti minjastaðurinn í kaupstaðalandinu er fornþýlið Garðar. Þó að þar sé ekki að sjá fornleifar á yfirborði, geymir jörðin sögu þessa staðar og því verður að gæta þess að áframhaldandi uppbygging á safnasvæðinu verði þannig hagað að ekki hljóttist af því minjaspjöll. Fornleifum í og við bæjarstæðið í Görðum hefur verið raskað stórkostlega við líkagröft í sjálfan bæjarhólinn og kirkjustæðið. Garðar eru ekki eingöngu merkur staður í sögu þjóðar og héraðs, heldur er þar einnig ákjósanlegur staður til fornleifarannsókna.
- *Rannsóknir.* Á Akranesi eru ýmsir staðir sem vert væri að gera nánari rannsóknir á. Eins og áður hefur verið nefnt er að Görðum enn sæmilega varðveittur bæjarhóll sem hefur að geyma sögu þessa héraðs frá upphafi byggðar þar. Þar hafa fornleifar komið í ljós við jarðrask og ástand þeirra sýnir að varðveisluskilyrði í jarðvegi þar eru

óvenjugóð. Leifar úr lífrænum efnum, s.s. tréilát og vefnaður, sem gjarnan hverfa við rotnun, hafa fundist í bæjarhólnum og gefur það fyrirheit um árangursríka rannsókn. Ekki er kunnugt um neinar mannvistarleifar frá landnámsöld á Akranesi og ekki vitað hvenær byggð þar hófst. Samkvæmt landnámu er getið um írsku landnámsmenn, en þessi sérstaki þáttur í landnámssögu Akraness hefur til þessa ekki verið kannaður með fornleifarannsóknum. Erfitt gæti reynst að finna fornleifafræðilegan vitnisburð um landnámsbyggð og uppruna íbúanna, en það er þó ekki með öllu ógerlegt. Við fornleifaskráningu 1997 gengu skráningarmenn fram á einn óvenjulegan stað undir hjá neðsta klapparbrúninni við rætur Akrafjalls, skammt sunnan við Berjadalsá. Þar getur að líta tvo lága, hringlaga hóla. Eru þeir ólíkir landinu í kring og minna einna helst á forn mannvirki, sem eru hlaupin í þúfur og orðin mjög ógreinileg. Þessi staður er ekki á fornleifaskrá, enda ekki ljós hvort um nátturumyndun eða mannvirki sé að ræða. Væri fróðlegt að fá úr því skorið.



*Mannvirki við rætur Akrafjalls, skammt sunnan Berjadalsár.*

Hvað sem landnámsrannsóknum líður, er rétt að minna á að í landi Akraness er enn að finna vel varðveittar minjar um sögu svæðisins á síðari tímum, einkum smábýlin við sjávarsíðuna á norðan og vestanverðu nesinu, en allar minjar um verbúðir og

sjósókn eru fyrir löngu horfnar.

- *Ferðamál, útivist.* Samkvæmt nágildandi skipulagi er fyrirhugað að það svæði þar sem flestar minjar er að finna, þ.e. við Blautós, verði e.k. útivistarsvæði. Mikilvægt er að skógrækt eða vega- og byggingaframkvæmdir verði skipulagðar með hliðsjón af því að fornleifum verði ekki spillt. Í landi Miðvogs hefur verið útbúið hundabjálfunarsvæði og plantað þar trjám nærri minjum. Eins og áður var nefnt eru leifar Presthúsa, Kalmansvíkur, Hausthúsa, Elínarhöfða og Bakkabæjar eru á svæði sem samkvæmt nágildandi aðalskipulagi verður útivistarsvæði. Við áframhaldandi framkvæmdir á öllu þessu svæði er mikilvægt að styðjast við upplýsingar í þessari skrá. Minjavernd og nýframkvæmdir eru ekki ósættanlegar andstæður. Snjallt væri að láta sjónarmið minjaverndar og hönnun útivistarsvæða falla saman á þann veg að minjastaðir verði varðveittir og gerðir aðgengilegir fróðleiksfúsum almenningi og innlendum sem erlendum ferðalöngum. Svæðið frá Presthúsum til Innstavogs er nánast samfellt minjasvæði og býður það eflaust upp á margvíslega möguleika. Sjálfsagt er að við hönnun útivistarsvæða sé stefnt að því að nýta þau verðmæti sem fyrir eru á staðnum, vernda þannig minjarnar og auka aðdráttarafl svæðisins

## *Niðurlag*

Nú er fengin heildarmynd af fornleifum í Akraneskaupstað og ástandi þeirra. Þessi nýja þekking opnar nýjar leiðir til að móta stefnu um varðveislu menningararfs Akurnesinga, taka ákvarðanir um landnotkun í framtíðinni og hagnýta fornleifar í þágu atvinnulífs.

Hér skal bent á að þó fornleifaskráning standi nú yfir í nokkrum bæjarfélögum, þá var Akranes fyrsta bæjarfélagið sem lýkur aðalskráningu fornleifa og hefur því tekið forystu í fornleifavernd í kaupstað og verður eflaust öðrum þéttbýlum sveitarfélögum til eftirbreytni.

Friðun og verndun minja á Íslandi er skammt á veg komin. Meginorsökin er einfaldlega skortur á upplýsingum um staðsetningu minja. Er fornleifaskráningu m.a. ætlað það hlutverk að bæta þar úr. Frá því er fyrstu þjóðminjalög voru sett 1907 hefur verið gert ráð fyrir mikilli miðstýringu í minjavörslu, þar sem ábyrgð og eftirlit hefur verið á höndum þjóðminjavarðar. Með stórfelldri aukningu framkvæmda og umhverfisspjalla

vegna jarðvegseyðingar reyndist þessi stefna árangurslítill, enda eru flestir minjastaðir mjög fjarri höfðustaðnum og eftirlit með þeim illviðráðanlegt vegna vegalengda. Með nýjum lögum 1989 hafa hugmyndir um minjaeftirlit meðal annars breyst á þann veg að nú er lögð áhersla á fornleifaskráningu, sem nauðsynlegan grundvöll minjaverndar. Í stað miðstýringar er þekkingaröflun og upplýsingamiðlun teft gegn skefjalausri eyðingu minja. Kostnaður við fornleifaskráningu er nú á hendi sveitarfélaga og hefur því ábyrgð á þessum grundvallarþætti minjaverndar verið færð í hérað.

Það er vitaskuld óvenjulegt að fjalla um fornleifar í þéttbýli, en raunin er að minjavernd er jafnbryn í kaupstöðum landsins sem í dreifbýli. Uppbygging og framkvæmdir á Akranesi síðustu áratugi hefur haft töluverð minjaspjöll í för með sér og er ljóst að nú eru fáir sjáanlegir minjastaðir eftir í landi kaupstaðarins. Því er æskilegt að bæjaryfirvöld fylgi þeirri stefnu að hrófla ekki við minjum nema um aðra kosti sé ekki að ræða. Það er mikilvægt að sveitastjórnir bregðist ekki þessu nýja hlutverki, en vinni nú þegar að stefnumörkun um verndun minja. Í nokkrum kaupstöðum eru sjóðir sem veita styrki til húsafriðunar, en ekki eru til slíkir sjóðir til að mæta kostnaði vegna verndunar minja. Ekki er gagn að skrá minjar einvörðungu heldur er óhjákvæmilegt að nýta þá þekkingu til virkrar minjaverndar í héraði. Til þess er mælt að bæjaryfirvöld hefjist handa við verndun fornleifa í kaupstaðnum, rétt eins og þau hafa haft margvíslegt frumkvæði í verndun gamalla húsa, skipa, safngripa og skjala. Er það von höfunda þessarar skýrslu að sú skráning sem nú hefur verið unnin sé fyrsta skrefið í þá átt að varðveita þær minjar sem eftir eru í bæjarlandinu, heimamönnum og gestum til gagns og ánægju í komandi framtíð.

## Heimildir

### Óprentaðar heimildir:

*Sýslumannsembættið í Borgarnesi*

Landamerkjabók Borgar- og Mýrasýslu, II.

*Þjóðskjalasafn Íslands*

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1920. Akraneshreppur

*Örnefnastofnun*

**Ö-Akranes:** Örnefnaskrá Akraness. Ari Jónsson skráði.

**Ö-Garðar:** Örnefnaskrá Garða. Ari Jónsson skráði.

**Ö-Innstivogur:** Örnefnaskrá Innstavogs. Ari Jónsson skráði.

**Ö-Miðvogur:** Örnefnaskrá Miðvogs. Ari Jónsson skráði.

**Ö-Elínarhöfði:** Örnefnaskrá Elínarhöfða. Ari Jónsson skráði.

### Prentaðar heimildir:

Adolf Friðriksson, "Skýrsla um fornleifar sunnan Skarðsheiðar", í: Guðrún Jónsdóttir (ritstj.), *Svæðisskipulag sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992-2012. Fylgiskjöl með greinargerð*, útgst. ekki tilgr., Samvinnunefnd um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar og Skipulag ríkisins, 1994.

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson, *Fornleifaskráning í Eyjafirði I: Fornleifar í Eyjafjarðarsveit norðan Hrafnagils og Þverár*, Minjasafnið á Akureyri, Akureyri, 1994.

Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá*, Reykjavík, Þjóðminjasafn, 1990.

Ásmundur Ólafsson: "Nú er bjart um Skpaskaga - skín á nes og vör".

**BB:** Byggðir Borgarfjarðar I-II., án útgst., Búnaðarsamband Borgarfjarðar, 1989.

**DI:** *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.

**FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823*. Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík, 1983.

Gunnlaugur Haraldsson, *Akraneskirkja 1896-1996 ásamt ágripi af sögu Garða og*

*Garðakirkju á Akranesi*, Akranes, 1996.

**ÍF:** *Íslenzk fornrit I-*, Reykjavík 1933-.

Jón Böðvarsson, *Akranes. Frá landnámi til 1885*, Akranes, Prentverk Akraness, 1992.

**JÁM:** Árni Magnússon & Páll Vídalín, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, Kh.,  
Hið íslenska fræðafélag, 1913.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

P. E. Kristian Kálund, *Íslenskir sögustaðir I. Sunnlendingafjórðungur*, Reykjavík, 1984.

Ólafur B. Björnsson, *Saga Akraness I-II*, Akranes, 1957-1959.


Þorsteinn Jónsson, "Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi, fyrri hluti, 2 þáttur"  
(Ópr.).




Akranes  
1706





Akranes  
1850



Akranes um 1900



- 1. Thomsenhus
- 2. Litilber
- 3. Krokur
- 4. Deild
- 5. Bóðvarshús
- 6. Hoffmannshús
- 7. Grund
- 8. Nybbær
- 9. Arnabúð
- 10. Snaebjarnarhús
- 11. Staðarbakki
- 12. Efra-Lambhús
- 13. Albertshús
- 14. Ráðagerði
- 15. Georgshús
- 16. Neðri-Gata
- 17. Efri-Gata
- 18. Kirjjan
- 19-20. Aðalból
- 21. Laufás
- 22. Litli-Teigur
- 23. Háteigur
- 24. Miðteigur
- 25. Bræðrapartur
- 26. Breið
- 27. Heimaskagi
- 28. Teigur
- 29. Teigakot
- 30. Akur
- 31. Melshús
- 32. Nýlenda
- 33. Vinarnimi
- 34. Bjarg I
- 35. Marbakki
- 36. Bjarg II
- 37. Vegamót
- 38. Austurvellir I,II
- 39. Arnabær
- 40. Bakkrakot
- 41. Bergþórshvöll
- 42. Þvejarstaðir
- 43. Vestri Efstibær
- 44. Syðri Efstibær
- 45. Geirmundarbær
- 46. Gneistavellir
- 47. Garðshús
- 48. Guðnahús
- 49. Hlíð
- 50. Halakot
- 51. Hausshús
- 52. Hákat
- 53. Háber I,II
- 54. Höll
- 55. Hjallshús
- 56. Ívarshús
- 57. Kringla
- 58. Melur
- 59. Melbær
- 60. Merkigerði
- 61. Mörk
- 62. Litli Bakki
- 63. Lykkja
- 64. Norðurkot
- 65. Oddsbær
- 66. Ólafsvellir
- 67. Gótuhaus
- 68. Litiabrekka
- 69. Klöpp
- 70. Ólafsvellir
- 70. Ólafsvellir
- 71. Sigurvellir
- 72. Kirkjubær
- 73. Kirkjuvellir
- 74. Bær
- 75. Garðbær
- 76. Sandar
- 77. Smiðjuvellir
- 78. Steinastaðir
- 79. Uppkot
- 80. Kárabær
- 81. Traðarbakki
- 82. Suðurvellir
- 83. Sandabær
- 84. Bakki
- 85. Skulid
- 86. Hlíð
- 87. Sandgerði
- 88. Akbraut
- 89. Brekkukot
- 90. Brekkubær
- 91. Gótuhaus
- 92. Mýrarnús



KOKT 4  
 - Gömul landamerki lögbýla  
 - Mörk Akramekaupstaðar  
 • Bær  
 ◐ Tún

